

# Skólanámsskrá Austurbæjarskóla

2019-2020



## Efnisyfirlit

1.	Skólanámskrá .....	7
2.	Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi .....	8
2.1	Stefna skólans og framtíðarsýn .....	8
2.2	Gildi skólans.....	10
2.3	Uppeldis- og kennslufræðileg stefna skólans.....	10
3.	Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun .....	10
3.1	Læsi.....	11
3.2	Sjálfbærni.....	11
3.3	Heilbrigði og velferð .....	11
3.4	Lýðræði og mannréttindi.....	12
3.5	Jafnrétti .....	12
3.6	Sköpun.....	12
3.7	Nánari útfærsla grunnþátta í námsgreinum.....	12
4.	Útfærsla skólans á áherslupáttum grunnskólalaga .....	28
4.1	Sjálfsvitund .....	29
4.2	Siðgæðisvitund .....	29
4.3	Félags- og borgaravitund.....	29
4.4	Félagsfærni .....	29
4.5	Líkamleg og andleg velferð.....	29
4.6	Leiðir skólans til að auka færni til að nýta íslensku í námi.....	29
5.	Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár .....	30
6.	Lykilhæfni .....	30
6.1	Tjáning og miðlun .....	30
6.2	Skapandi og gagnrýnin hugsun.....	30
6.3	Sjálfstæði og samvinna.....	30
6.4	Nýting miðla og upplýsinga .....	30
6.5	Ábyrgð og mat á eigin námi.....	30
7.	Kennsluhættir .....	31
7.1	Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um kennsluhætti skóla.....	31
7.2	Kennsluhættir skólans .....	31
7.3	Leiðsagnarnám .....	32
8.	Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.....	37
8.1	Matskvarði.....	38
9.	Innra mat á árangri og gæðum.....	39
10.	Áætlanir um umbætur og þróunarstarf .....	39

10.1 Umbótaáætlun .....	39
10.2 Þróunarverkefni.....	48
11. Samstarf heimila og skóla.....	49
11.1 Upplýsingamiðlun.....	50
12. Ýmsar áætlanir .....	50
12.2 Samstarf skóla við nærsamfélagið.....	50
12.3 Móttökuáætlun nýrra nemenda.....	51
12.3.1 Undirbúningur viðtals.....	51
12.4 Móttökuáætlun nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku.....	52
12.5 Tilfærsluáætlun .....	53
12.6 Áætlun gegn einelti .....	54
12.7 Mannréttindaáætlun.....	55
12.8. Jafnréttisáætlun .....	55
12.9 Áætlun um viðbrögð við óveðri.....	66
12.10 Forvarnaráætlun/vímuvarnir.....	66
12.11 Eldvarnar- og rýmingaráætlun.....	66
12.14 Öryggisáætlun .....	67
12.15 Áfallaáætlun .....	67
12.16 Nemendavernd.....	71
12.17 Skólareglur og skólabragur.....	72
12.18 Læsisstefna .....	76

## 1. Skólanámskrá

Hver skóli á samkvæmt lögum að birta stefnu sína með tvennum hætti, annars vegar með skólanámskrá og hins vegar með starfsáætlun. Líkt og segir í aðalnámskrá þá er skólanámskrá nánari útfærsla á aðalnámskrá þar sem skólinn aðlagar stefnuna að sinni sérstöðu og aðstæðum. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Starfsáætlun breytist árlega og þar er meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er árlega lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

## 2. Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi

Austurbæjarskóli tók til starfa haustið 1930. Áður hafði skólinn við Tjörnina, síðar nefndur Miðbæjarskólinn, verið aðalskóli bæjarins. Áratugurinn 1920 til 1930 fór í undirbúning og byggingu skólans sem reis í austanverðu Skólavörðuholti og var í fyrstu kallaður Nýi barnaskólinn. Sigurður Guðmundsson, húsameistari gerði teikningar og sá um bygginguna. Austurbæjarskóli er fyrsta húsið í Reykjavík sem hitað er upp með hitaveituvatni. Ásmundur Sveinsson, myndhöggvari gerði lágmyndir yfir báðum aðaldyrum skólans og einnig yfir dyrum á austurgöflum. Árið sem skólinn tók til starfa var ákveðið að færa skólaskylduna niður um 2 ár, börnin hæfu skólagönguna 8 ára gömul. Fyrsti skólastjórinn var Sigurður Ó. Thorlacius og 32 kennarar störfuðu við skólann. Í skólanum voru 30 almennar kennslustofur. Auk þeirra voru margar sérgreinastofur: teiknistofa, kennslueldhús, smíðastofa, sundlaug, fimleikasalur, handavinnustofa stúlkna, samkomusalur fyrir skemmtanir (jólaskemmtanir), kvikmyndasýningar og söngsalur. Einnig sér útbúnar náttúrufræði- og landafræðistofur vel búnar kennslugöngum. Þetta kallaði á nýja og frjálslægri kennsluhætti. Frá upphafi voru þéringar felldar niður og ákveðið var að börnin gengu frjáls inn í skólann en skipuðu sér ekki í raðir úti í porti. Skólastjórinn sem var hámenntaður og áhugasamur brautryðjandi í fræðslumálum safnaði að sér vel menntuðum kennurum. Vinnubókagerð og samvinna nemenda var tekin upp. Mikill skortur var á námsbókum og öðru lesefni handa börnum. Margir af kennurum Austurbæjarskóla voru mikilvirkir rithöfundar sem skrifuðu fjölpætt efni handa börnum. Má þar nefna höfunda eins og Jóhannes úr Kötlum, Gunnar M. Magnúss, Ragnheiði Jónsdóttur, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Stefán Jónsson. Nokkru eftir 1950 varð nemendafjöldinn mestur, 1839. Nemendur skiptust í allt að 11 deildir í hverjum árgangi. Nú eru rúmlega 400 nemendur á aldrinum 6-15 ára í Austurbæjarskóla í 21 bekkjardeild. Starfsmenn eru 79. Skólinn hefur verið einsetinn frá haustinu 1996. Skólahúsnæðið ásamt lóð hafa á síðustu árum verið í gagngerri endurnýjun. Vilhjálmur Hjálmarsson, arkitekt hefur stjórnað verkinu og endurhannað þessa friðuðu byggingu og aðlagð hana að breyttum kröfum með fullri virðingu fyrir sögulegu gildi hússins. Í janúar árið 2000 var tekin í notkun 320 m<sup>2</sup> viðbygging sunnan við skólann og er þá heildarflatarmál skólans 6.717 m<sup>2</sup>.

Skólastjórar Austurbæjarskóla frá upphafi:

Sigurður Ó Thorlacius 1930-1945

Gísli Jónasson 1945-1946

Arnfinnur Jónsson frá 1946-1965

Ársæll Sigurðsson 1965-1967

Einar M. Þorvaldsson 1967-1968

Friðbjörn Benónísson 1968-1973

Hjalti Jónasson 1973-1979

Alfreð Eyjólfsson 1979-1995

Guðmundur Sighvatsson 1995-2015.

Héðinn Pétursson 2014-2015 (afleysing vegna veikinda).

Kristín Jóhannesdóttir 2015-

### 2.1 Stefna skólans og framtíðarsýn

Skólinn starfar eftir lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) þar sem lögð er áhersla á að efla ákveðna lykilhæfni barna og ungmenna:

félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Öllum skal tryggt jafnrétti til náms án tillits til kyns, þjóðernis, stéttar, stöðu og trúarbragða. Austurbæjarskóli er skóli án aðgreiningar. Í því felst að skólastarfið er lagað að þörfum allra nemenda. Í skólanum er lögð áhersla á sjálfsagðan fjölbreytileika fólks sem endurspeglast í öllum bekkjardeildum. Nemendur eiga uppruna sinn í ýmsum þjóðlöndum, þeir hafa ólík viðhorf, ólík áhugamál og mismunandi hæfileika. Í skólanum tala nemendur 27 ólík tungumál, um 39% nemenda býr við annað móðurmál á heimili.

Framtíðarsýn Austurbæjarskóla er: Framsækinn skóli fyrir alla. Í því felst að lögð áhersla á hugarfar **vaxtar**, **víðsýni**, **velliðan** og **vilja** til að gera stöðugt betur. Markmið skólans er að auka þekkingu og leikni nemenda og gera þá að farsælum og sjálfstæðum einstaklingum. Einstaklingum sem hafa trú á eigin getu og takast óhræddir á við nýja hluti í viðleitni sinni við að finna hæfileikum sínum og hæfni farveg. Austurbæjarskóli leggur sig fram um að vera í fararbroddi hvað varðar fjölbreytta náms- og kennsluhætti þar sem allir hafa jafnan aðgang að lærdómsferlinu. Lögð er áhersla á að varða leið nemenda í námi, hvetja til samvinnu og auka metnað og árangur. Austurbæjarskóli er eftirsóttur vinnustaður fyrir hugmyndaríkt og skapandi fagfólk sem sýnir metnað í starfi, ber hag nemenda fyrir brjósti og leggur sig fram um að sinna þörfum nemenda.

Einkunnarorð skólans eru **vöxtur**, **víðsýni**, **velliðan** og **vilji**. Þessar áherslur endurspeglast í öllum samskiptum og starfi skólasamfélagsins. Til að svo megi verða hefur starfsfólk Austurbæjarskóla, nemendur, foreldrar og starfsfólk frístundar komið sér saman um eftirfarandi stefnumörkun:

#### 2.1.1 Vöxtur

Fjölbreytni nemendahópsins í Austurbæjarskóla felur í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið og er uppeldi, framfarir, menntun og líðan nemandans sett í öndvegi. Í skólanum er stuðlað að hugarfari **vaxtar** þar sem hæfileikar eru ræktaðir með áherslu á leiðsagnarnám, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Nemendur eiga að geta haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, vita hvar þeir eru staddir, hvert þeir eiga að stefna og hvað er góður árangur. Námið er einstaklingmiðað en byggir á samvinnu, þverfaglegri vinnu og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum.

#### 2.1.2 Víðsýni

Víðsýni er einkunnarorð Austurbæjarskóla enda eru í skólanum ólíkir einstaklingar sem búa yfir margvíslegri þekkingu og reynslu. Virðing er borin fyrir fjölbreytileikanum, nemendur vinna að verkefnum sem reyna á samstarf, gagnrýna hugsun, stuðla að fordómaleysi, auka sjálfsþekkingu og býr þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

#### 2.1.3 Velliðan

Velliðan felst í góðum skólabrag þar sem gleði, traust, vinsemd, virðing og jafnrétti endurspeglast í daglegum samskiptum. Áhersla er lögð á andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði í skapandi og hlýlegu námsumhverfi. Austurbæjarskóli er heilsueflandi grunnskóli þar sem markvisst er unnið að því að efla sjálfsmynd nemenda og seiglu. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og gegn einelti. Í skólanum ríkir samhugur um gildi og sýn stuðlar það að sterkri skólamenningu þar sem allir, jafnt nemendur, starfsfólk, foreldrar og frístundafólk bera hag skólans fyrir brjósti og eru á leið í sömu átt.

#### 2.1.4 Vilji

Lögð er áhersla á að virkja **vilja** alls skólasamfélagsins til að gera betur, sækja fram og þróa skólastarfið á skapandi hátt með það að markmiði að styðja við nám nemenda. Er það m.a. gert með öflugum list- og verkgreinanámi, samstarfsverkefnum við frístund, foreldra og aðra aðila nærsamfélagsins, með umhverfisverkefnum, vettvangsnámi, starfsnámi og samfélagsverkefnum.

Austurbæjarskóli hefur um margt nokkra sérstöðu. Skólinn er í sögufrægu húsi í miðbæ Reykjavíkur og strax frá upphafi fram til vorra tíma hefur skólastarfið verið metnaðarfullt og í takt þarfir samtímans. Styrkur skólans felst fyrst og fremst í fjölbreyttum nemendum, metnaðarfullu starfsfólki, öflugum foreldrasamfélagi og kraftmiklu frístundastarfi.

## 2.2 Gildi skólans

Einkunnarorð skólans eru **vöxtur, víðsýni, vellíðan og vilji**. Þessar áherslur endurspeglast í öllum samskiptum og starfi skólasamfélagsins. Til að svo megi verða hefur starfsfólk Austurbæjarskóla, nemendur, foreldrar og starfsfólk frístundar unnið sameiginlega að því að móta stefnu skólans (sjá kafla 2.1.).

## 2.3 Uppeldis- og kennslufræðileg stefna skólans

Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni sem á sér stað með formlegum og óformlegum hætti innan sem utan veggja skólans.

Markmið okkar eru að öll börn:

- vaxi og dafni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu, nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- afli sér fjölbreyttrar þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og umhverfi.
- sýni frumkvæði eru skapandi og tileinki sér gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Virgni og lýðræðisleg þátttaka barna og unglinga eru mikilvægt leiðarljós í öllu skóla- og frístundastarfi. Þannig fá þau raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Með markvissri menntastefnu er sköpuð umgjörð menntunar sem hvílir á grunnildum íslensks samfélags: jöfnuði, frelsi, friði og samvinnu en tekur um leið opnum örmum á móti framtíðinni og veitir nýrri tækni, þekkingu, hæfni og hugmyndum farveg.

## 3. Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 byggir á sex grunnstoðum menntunar: *læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum*. Með áherslu á þessa grunnþætti er markmiðið að efla nemendur í læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Svo að börn og ungmenni öðlist hæfni til að efla sig andlega og líkamlega, færni til að bjarga sér í samfélaginu sem og getu til að vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og þar með að taka virkan þátt í sínu samfélagi, breyta því og þróa.

### 3.1 Læsi

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 segir að stefnt skuli að því að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það. Enn fremur segir að í læsi felist að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi (ritmáli, myndmáli, talmáli, tölum og öðrum kerfum tákna) til að mæta kröfum samfélags og einstaklings. Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tókum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

### 3.2 Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni hefur það að markmiði að undirbúa nemendur í að takast á við fjölbreytt viðfangsefni er varða samspil umhverfis, efnahags og félagslegra þátta í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst einnig það að börn og ungmenni takist á við fjölbreytt álitamál og ágreiningsefni í námi og skólastarfi. Nemendur fá margvíslega fræðslu t.d. um mannréttindi, heilbrigði, jafnrétti og lýðræði í skólanum. Fræðsla sem bæði tengist námsefni með beinum hætti og óbeinum ásamt því að oft er boðið upp á utanaðkomandi fræðslu frá einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum sem hafa með sjálfbærnimenntun að gera.

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandikynslóða til að mæta þörfum sínum. Efnahagskerfi samfélaga skipastórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggji hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahagshvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi.

### 3.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af margbreytilegu samspili einstaklings og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan óháð efnahag og aðstæðum enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Helstu áhersluþættir heilbrigðis eru jákvæð og raunsönn sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Allir þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp trausta sjálfsmynd sem er undirstaða þess að geta tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði. Veita þarf fræðslu um gildi hreyfingar, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til að hreyfa sig. Í skólaumhverfinu þarf að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.

Mikilvægt er að í skólum ríki góður og jákvæður skólabragur og heilsueflandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra.



### 3.4 Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Virðing fyrir mannréttindum, viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun sem fléttast inn í allt skólastarf. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla þá ber skólum að mennta börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, kenna gagnrýna hugsun og iðka starfshætti sem byggja á lýðræði og mannréttindum. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn séu meðvituð um sitt hlutverk. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

### 3.5 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis.

Öll viðfangsefni skólastarfs eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti. Austurbæjarskóli starfar samkvæmt jafnréttisáætlun skólans sem byggir á aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum. Jafnréttismenntun vísar til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis og áhersla skal lögð á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

### 3.6 Sköpun

Líkt og segir í aðalnámskrá þá felst sköpun í að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Sköpunargleði á rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Sköpun felur í sér áskorun, spennu og leit. Sköpun færir sér í nyt eða brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi, gengur gegn vanahugsun og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðtekna hugmyndir. Sköpun byggist á uppgötvun, gagnrýninni hugsun, rannsókn og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir. Þess vegna skiptir sköpunarferlið ekki minna máli en afrakstur verksins. Sköpun hagnýtir hugmyndir og kveikir nýjar. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi. Ígrundun, leikur, listir og sköpun fléttast saman við eða styðja allar greinar og grunnþætti náms.

### 3.7 Nánari útfærsla grunnþátta í námsgreinum

#### 3.7.1 Grunnþættir menntunar í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrugreinum 1.-4. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrugreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 1.- 4. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	– gerir sér grein fyrir hvað felst í góðum samskiptum,

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir styrkleika sína til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd,</li> <li>– tileinkar sér jákvæðan skólabrag,</li> <li>– skilur mikilvægi heilbrigðs lífennis,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskist á eigin forsendum án fordóma,</li> <li>– tileinkar sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– þekkir vel starfshætti skólans, s.s. skólareglur, skipulag og áherslur,</li> <li>– fær námsefni og kennslu við hæfi,</li> <li>– fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi,</li> <li>– fær tækifæri til að velja verkefni eftir áhugasviði,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,</li> <li>– notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni,</li> <li>– les í umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt og fer eftir fyrirmælum,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– er meðvitaður um góða umgengni í skólaumhverfinu,</li> <li>– ber virðingu fyrir eignum sínum og annarra,</li> <li>– er ábyrgur og tekur virkan þátt í samvinnu,</li> <li>– ber virðingu fyrir umhverfi sínu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– leitar lausna við vinnu sína,</li> <li>– beitir ímyndunarafli,</li> <li>– fær tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt.</li> </ul>

### 3.7.2 Grunnþættir menntunar í list- og verkgreinum og skólaþróttum 1.-4. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í list – og verkgreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 1.- 4. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar rétta líkamsbeitingu,</li> <li>– eykur þol og styrk,</li> <li>– beitir helstu áhöldum og tækjum greinanna rétt,</li> <li>– vinnur sjálfstætt og á góð samskipti,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá áhuga,</li> <li>– gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum án fordóma,</li> <li>– tileinkar sér almenna kurteisi í samskiptum,</li> <li>– fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja,</li> <li>– fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á að velja og útfæra verkefni við hæfi og aðlaga að sínu áhugasviði,</li> <li>– vinnur eftir ferli, frá hugmynd til afurðar,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– kemur fram við aðra af virðingu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun,</li> <li>– getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök,</li> <li>– nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt,</li> <li>– getur sagt frá eigin leiðum í vinnuferli,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi sínu og samskiptum,</li> <li>– nýtir vel þann efnivið sem unnið er með,</li> <li>– gengur vel um stofu, tæki og áhöld,</li> <li>– velur og notar verkfæri sem hæfa viðfangsefni,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að tjá sig og virkja ímyndunaraflíð,</li> <li>– nýtir fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið og leitar lausna við vinnu sína,</li> <li>– setur persónulegan blæ á verkefni sín.</li> </ul>

### Grunnpættir menntunar í skólaípróttum

<b>Grunnpáttur</b>	Áherslupættir 1. – 4. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– stundar ípróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi,</li> <li>– gerir sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífneris,</li> <li>– gerir sér smátt og smátt grein fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á heilsuna,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– rættar hæfileika sína og þroskast á eigin forsedum,</li> <li>– tekur þátt í leikjum án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær að haft áhrif á val leikja,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að læra og ræða um mikilvægi hreyfingar,</li> <li>– les í umhverfið og túlkar,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur leiki sem höfða til hans og veita honum ánægju,</li> <li>– getur sagt frá eigin vali á hreyfingu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– býr til einfalda leiki eða setur saman stutta æfingalotu.</li> </ul>

#### 3.7.3 Grunnpættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt 1.-4. bekkur

<b>Grunnpættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt</b>	
<b>Grunnpáttur</b>	Áherslupættir 1. – 4. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur sjálfstætt og á góð samskipti,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá áhuga,</li> <li>– beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir upplýsingatæknina á fjölbreyttan hátt,</li> <li>– fer eftir reglum um ábyrga netnotkun,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á velja verkefni við hæfi,</li> <li>– vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>– sýnir ábyrgð við netnotkun og temur sér siðfræðileg gildi,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur með leiðsögn hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna að,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>– nýtir gagnvirkt námsefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– kynnist notkunarmöguleikum hug- og tækjabúnaðar,</li> <li>– sækir sér efni á veraldarvefinn,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við úrlausn einfaldra verkefna.</li> </ul>

### 3.7.4 Grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir frumkvæði,</li> <li>– tekur þátt í samvinnuverkefnum,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum,</li> <li>– fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– kemur fram við samstarfsfólk sitt af tillitssemi,</li> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli,</li> <li>– vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnninn hátt,</li> <li>– temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem unnið hefur verið með,</li> <li>– nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans,</li> <li>– þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,</li> </ul>

<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við úrlausn verkefna,</li> <li>– nýtir hæfileika og skapar afurð.</li> </ul>
---------------	---

### 3.7.5 Grunnþættir menntunar í íslensku 5.- 7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í íslensku</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir skilning á eigin tilfinningum og annarra í öllum samskiptum,</li> <li>– nýtir styrkleika sína við verkefnavinnu,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær námsefni og verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja,</li> <li>– fær tækifæri til að rækta hæfileika á eigin forsedum,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir samskiptahæfni og skapar vinnufrið,</li> <li>– vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi,</li> <li>– fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni sem unnið er með í skólasamfélaginu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur á fjölbreyttan hátt með lesskilning, umhverfislæsi og upplýsingalæsi,</li> <li>– getur metið gildi þess texta sem hann vinnur með,</li> <li>– getir tjáð sig og sagt frá viðfangsefni sínu,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– þjálfist í gagnrýninni hugsun á sjálfan sig og samfélagið,</li> <li>– tekur virkan þátt í skólalífinu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekur þátt í leikjum við hæfi sem tengjast námsefni,</li> <li>– getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar í ræðu og riti,</li> <li>– getur miðlað verkefnum á skipulagðan hátt í gegnum sköpun og valið sér aðferð,</li> <li>– fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með ýmsa möguleika við verkefnavinnu.</li> </ul>

### 3.7.6 Grunnþættir menntunar í list- og verkgreinum 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í list- og verkgreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– beitir rétttri líkamsstöðu,</li> <li>– nýtir hreyfingu til að auka þol og styrk,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– beitir áhöldum og tækjum greinanna á ábyrgan og réttan hátt,</li> <li>– er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði,</li> <li>– sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum,</li> <li>– tileinkar sér mikilvægi hreinlætis,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>– fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>– tekur þátt án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur verkefni við hæfi og aðlagar að sínu áhugasviði,</li> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>– gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi listarinnar í samfélaginu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni,</li> <li>– velur og notar á réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni,</li> <li>– rökstyður val á leiðum í vinnuferli,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>– getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum,</li> <li>– fær þor til að taka þátt í listviðburðum og vera þátttakandi í samkomum á félagslegum grunni, sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni,</li> <li>– nýtir efnivið á ábyrgan hátt,</li> <li>– sækir efnivið í grenndarskóg til að vinna úr,</li> <li>– gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að tjá sig og nýta hæfileika sína í listsköpun,</li> <li>– þróar og vinnur með eigin hugmyndir, greinir og leitar lausna,</li> <li>– nýtir aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>– notar ímyndunarafli, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð.</li> </ul>

3.7.7 Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum 5.-7.bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áherslupættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur unnið með öðrum að lausn verkefna,</li> <li>– nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna,</li> <li>– þekkir mikilvægi heilbrigðra lífshátta fyrir andlega og líkamlega heilsu,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum,</li> <li>– getur farið eftir reglum við verkefnavinnu,</li> <li>– gerir sér grein fyrir fjölbreytileika lífríkisins,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– virðir umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa,</li> <li>– getur tekið þátt í samræðum um álitamál tengdum náttúru- og umhverfisvernd,</li> <li>– getur valið verkefni eftir áhuga og unnið á eigin forsendum,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar,</li> <li>– nýtir sér ólíka miðla við öflun upplýsinga,</li> <li>– leysir verkefni sem stuðla að hugtakaskilningi og merkingu hugtaka,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar,</li> <li>– ber virðingu fyrir umhverfi sínu og lífríki jarðar,</li> <li>– kynnist lífsvenjum sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir áhuga á umhverfi sínu og er forvitinn um fyrirbæri náttúrunnar,</li> <li>– getur útfært verkefni eftir eigin hugmyndum,</li> <li>– fær tækifæri til að skoða nærumhverfi sitt og njóta þess að vera úti í náttúrunni.</li> </ul>

3.7.8 Grunnþættir menntunar í samfélagsgreinum 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í samfélagsgreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áherslupættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika,</li> <li>– beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>– temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>– fær tækifæri til að læra um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– öðlast þekkingu á menningarlæsi, svo sem ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>– nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>– sækir sér efni á veraldarvefinn,</li> <li>– tekur þátt í samvinnu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir tæknina á skapandi hátt, 2 virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.</li> </ul>

### 3.7.9 Grunnþættir menntunar í stærðfræði 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í stærðfræði</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir í 5. – 7. Bekk Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum, sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnuaðferðum við stærðfræðinámið,
<b>Jafnrétti</b>	nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt sér til gagns og ánægju, temur sér skipuleg vinnubrögð við stærðfræðinámið, tekur tillit til skoðana annarra og kemur til móts við hópinn,
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi, vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, vegur og metur stærðfræðilausnir, getur aflað upplýsinga/heimilda og notað við lausn stærðfræðiverkefna,
<b>Læsi</b>	notar táknmál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar sér til gagns, getur tjáð sig um stærðfræði og útskýrt hugsun sína, nýtir rétta tækni sem hentar þeim stærðfræðiverkefnum sem verið er að vinna,
<b>Sjálfbærni</b>	notar kennslubækur og önnur hjálpargögn stærðfræðinnar við verkefnavinnu, nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði,



<b>Sköpun</b>	nýtir stærðfræði á fjölbreyttan og skapandi hátt, virkjar hugmyndaflugið til að finna stærðfræðilausnir, fær að sýna og nýta hæfileikana og skapa lausnir.
---------------	--

### 3.7.10 Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi,</li> <li>– gerir sér að grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífnis,</li> <li>– gerir sér grein fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á heilsuna,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsemdum,</li> <li>– tekur þátt í leikjum sem hæfa án fordóma</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– hefur áhrif á val á leikjum og einnig fjölda í liðum og liðsskipan,</li> <li>– finnur sér hreyfingu við hæfi,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur tæki og tól sem henta hverju sinni,</li> <li>– þekkir áhrif þjálfunar á líkamann,</li> <li>– fær tækifæri til að upplifa og ræða um mikilvægi hreyfingar,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur sér áhugaverða leiki sem veita ánægju,</li> <li>– getur sagt frá eigin vali á líkamsrækt,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að hanna leiki og reglur.</li> </ul>

### 3.7.11 Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tækimennt 5.-7. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tækimennt</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum,</li> <li>– beitir réttum vinnustellingum og vinnubrögðum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til gagns og ánægju,</li> <li>– fer eftir reglum um ábyrga netnotkun,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og hefur áhrif á útkomu,</li> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>– aflar upplýsinga á veraldarvefnum, vegur og metur á gagnrýninn hátt,</li> <li>– temur sér siðfræðileg gildi varðandi notkun veraldarvefsins og þekkir netorðinn fimm,</li> <li>– metur og bregst við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna,</li> <li>– rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>– nýtir gagnvirkir námsefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekur þátt og nýtir sér notkunarmöguleika hug- og tækjabúnaðar,</li> <li>– sækir sér efni á veraldarvefinn og nýtir í verkefnavinnu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,</li> <li>– nýtir hæfileika og skapar afurð.</li> </ul>

### 3.7.12 Grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– stuðlar að jákvæðum skólabrag,</li> <li>– sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li> <li>– tekur þátt í samvinnuverkefnum,</li> <li>– nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum,</li> <li>– fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi,</li> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>– vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,</li> <li>– temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,</li> <li>– nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans,</li> <li>– þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,</li> <li>– nýtir hæfileika sína og skapar afurð.</li> </ul>

### 3.7.13 Grunnþættir menntunar í íslensku 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í íslensku</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	<b>Áhersluþættir 8. - 10. bekkur</b> <b>Nemandi:</b>
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– tileinki sér jákvætt siðferði í samskiptum og orðræðu í kennslustundum og utan þeirra,</li> <li>– geri sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þar búa ef þeir hafa ekki varan á sér í samskiptum og skrifum á netinu,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur með námsefni og geri verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu, tekur tillit til skoðana annarra,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi og skilur gildi lýðræðislegra vinnubragða,</li> <li>– tekur þátt í samstarfi í hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt,</li> <li>– fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólasamfélaginu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur verkefni sem reyna á umhverfislæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi á fjölbreyttan hátt,</li> <li>– getur lagt mat á trúverðuleika þeirra gagna sem hann vinnur með,</li> <li>– sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýninni hugsun,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– þjálfast í gagnrýninni hugsun á sjálfan sig og samfélagið,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur sér réttan miðil og aðferð við að koma hugsunum sínum, skoðunum og vinnu til skila á fjölbreyttan hátt,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með fjölbreytta útfærslu verkefna.</li> </ul>
--	---

### 3.7.14 Grunnþættir menntunar í list- og verkgreinum 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í list- og verkgreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga,</li> <li>– gengur um áhöld og tæki af ábyrgð og á réttan hátt,</li> <li>– sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum,</li> <li>– vinnur einstaklingslega og í hóp, nýtir styrkleika sína í félagslegum og jákvæðum samskiptum,</li> <li>– hefur tileinkað og gert sér grein mikilvægi hreinlætis,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>– fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– hefur val um útfærslur og áherslur í vinnu sinni,</li> <li>– tekur ábyrgð og vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> <li>– geri sér grein fyrir margvíslegum tilgangi lista í samfélaginu,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– velur og notar ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, rökstyður val á leiðum í vinnuferli,</li> <li>– velur og notar á ábyrgan og réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni,</li> <li>– les og vinnur sjálfstætt eftir leiðbeiningum,</li> <li>– gerir sér grein að hægt er að lesa og túlka list og menningu á mismunandi hátt,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir sér möguleika endurnýtingar með umhverfisvernd og sjálfbærni í huga,</li> <li>– nýtir efnivið á ábyrgan hátt,</li> <li>– gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt,</li> <li>– öðlist færni sem býr þá undir daglegt líf og frekara nám,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– beitir fjölbreyttum aðferðum og tækni við hönnun, útfærslu og úrvinnslu verkefna sinna,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leika sér með möguleikana og sýna mismunandi útfærslur,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að sýna og nýta hæfileikana sína á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> </ul>
--	--

### 3.7.15 Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur unnið með öðrum að lausn verkefna,</li> <li>– nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna,</li> <li>– gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð með ástundun heilbrigðra lífshátta,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum og áhuga, getur farið eftir reglum við úrlausn verkefna,</li> <li>– gerir sér grein fyrir að allir menn eru jafnir óháð kyni, kynhneigð og kynþætti,</li> <li>– getur rætt um mikilvægi fjölbreytileika í lífríki dýra, plantna og manna,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– setur sér markmið við hæfi,</li> <li>– getur valið sér verkefni við hæfi og valið úrlausnarform sem honum hentar,</li> <li>– getur tekið afstöðu til álitamála varðandi náttúruna t.d. vegna verndunar og nýtingar náttúruauðlinda,</li> <li>– virðir umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar,</li> <li>– les texta í náttúrufræði sér til gagns, vinnur með hann og útskýrir, nýttir hugtök og efni náttúrufræðinnar í daglegu lífi og verkefnum sem hann glímir við,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna ólík verkefni með hjálp ólíkra miðla til að auka vísindalæsi sitt,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar, þekkir undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar og getur nýtt sér hugmyndir sjálfbærni í eigin lífi,</li> <li>– temur sér lífsvenjur sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir frumkvæði og sjálfstæði við val og vinnu á verkefnum,</li> <li>– sýnir áhuga og er forvitinn um umhverfi sitt og fyrirbæri í náttúrunni,</li> <li>– fær tækifæri til að njóta umhverfisins og styrkja skilning sinn á því.</li> </ul>

3.7.16 Grunnþættir menntunar í samfélagsgreinum og stærðfræði 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í samfélagsgreinum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum,</li> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum,</li> <li>– beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>– temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li> <li>– fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>– metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausan hátt,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>– lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði,</li> <li>– tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>– getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan og gagnrýnan hátt,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>– nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li> <li>– nýtir gagnvirkt námsefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>– er virkur og tekur þátt samvinnu,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum,</li> <li>– nýtir hæfileika sína og skapar afurð.</li> </ul>
<b>Grunnþættir menntunar í stærðfræði</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir í 8. – 10. bekk Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum og nýtir félagslega styrkleika sína og sýnir jákvæðni í samskiptum,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf,</li> <li>– sýnir rétt vinnubrögð og beitir rökréttum vinnuaðferðum,</li> <li>– skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum,</li> <li>– temur sér ábyrg og skipuleg vinnubrögð,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vinnu og vali hópaverkefna,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu,</li> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð,</li> <li>– vegur og metur stærðfræðilausnir á gagnrýninn hátt,</li> <li>– getur aflað upplýsinga/heimilda og notað á rökréttan hátt við lausn stærðfræðiverkefna,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar táknaál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar til að setja fram og leysa fræðileg og hverstagsleg vandamál,</li> <li>– getur tjáð sig um veruleikann með hjálp stærðfræðinnar og útskýrt hugsun sína,</li> <li>– nýtir rétta tækni sem hentar þeim stærðfræðiverkefnum sem verið er að vinna,</li> <li>– getur lesið og aflað sér upplýsinga í stærðfræðitextum og leysir stærðfræðiþrautir,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar kennslubækur og önnur hjálpargögn stærðfræðinnar við verkefnavinnu,</li> <li>– nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði,</li> <li>– geri sér grein fyrir að stærðfræði er ferli sem hann kemur til með að nýta sér í lífi og starfi,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir stærðfræði á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleika og sýnir mismunandi stærðfræðiútfærslur,</li> <li>– fær að sýna og nýta hæfileikana sína og skapa fjölbreyttar lausnir,</li> <li>– vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær þá stærra val um lausnir og útfærslu stærðfræðinnar.</li> </ul>

### 3.7.17 Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	– stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi,

	<ul style="list-style-type: none"> <li>– getur gert gein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífarnis og jákvæðni áhrif þess á heilsuna, þekkir ýmsar leiðir hreyfingar til þess að efla eigin heilbrigði og vellíðan,</li> <li>– gerir sér grein fyrir eigin líkamsástandi og þekkir eigin veikleika og styrkleika,</li> <li>– finnur sér hreyfingu við hæfi,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>– rættar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>– getur stundað heilsurækt við hæfi án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– hefur áhrif á val á leikjum, einnig fjölda í liðum og liðskipan,</li> <li>– þekkir eigin getu og finnur hreyfingu við hæfi,</li> <li>– kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– upplifir og ræðir mikilvægi hreyfingar,</li> <li>– velur tæki og tól sem henta hverju sinni,</li> <li>– öðlast þekkingu á mikilvægi hreyfingar,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– eflir skilning sinn á mikilvægi heilbrigðs lífarnis og hreyfingar,</li> <li>– velur hreyfingu við hæfi og nýtur ánægju af,</li> <li>– nýttir hreyfingu til að auka lífsgæði og vellíðan,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– býr til æfingarplan sem hæfir getu, – upplifir fjölbreytileika skólaípróttanna og skapar eigin stíl.</li> </ul>

### 3.7.18 Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt 8.-10. bekkur

<b>Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt</b>	
<b>Grunnþáttur</b>	Áhersluþættir 8. - 10. bekkur Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf,</li> <li>– sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum,</li> <li>– skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur,</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum,</li> <li>– fer eftir reglum um ábyrga netnotkun og nýtir netsamfélagið,</li> <li>– tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vali hópaverkefna,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fær tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>– vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð,</li> <li>– vegur og metur upplýsingar á gagnrýnninn hátt,</li> <li>– temur sér siðfræðileg gildi varðandi notkun veraldarvefsins,</li> <li>– aflar upplýsinga/heimilda á veraldarvefnum og sýnir ábyrgð í meðferð þeirra,</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– les og aflar upplýsinga um notkunarmöguleika hugbúnaðar,</li> <li>– velur og nýtir hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna,</li> <li>– tekur afstöðu og rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu,</li> <li>– tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– notar handbók sér til hjálpar við verkefnavinnu,</li> <li>– gerir sér grein fyrir að upplýsinga- og tæknimennt er ferli sem hann kemur til með að efla alla ævi í lífi og starfi,</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>– virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleikana og sýnir nokkrar útfærslur,</li> <li>– fær að sýna og nýta hæfileikana og skapað afurð,</li> <li>– vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær stærra val um útfærslu.</li> </ul>

#### 4. Útfærsla skólans á áhersluþáttum grunnskólalaga

Í þessum kafla eru dregnar fram megináherslur um nám og kennslu sem eiga að stuðla að því að hver nemandi nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur. Þessi atriði eiga að vera leiðandi í skólastarfi og vera kennurum og stjórnendum skóla leiðsögn við skipulag náms og kennslu.

Grunnþættir í menntun ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans. Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja og er því mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna og sem búa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Í námi og kennslu ber samkvæmt ákvæði í 24. gr. laga um grunnskóla að leggja áherslu á ýmsa þætti í námi og kennslu. Þessir áhersluþættir eru nánari útfærsla á markmiðsákvæði laganna og grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eiga það flestir einnig sammerkt að vera ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur þurfa þeir að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri og í starfsháttum skóla.

Í aðalnámskrá grunnskóla skal m.a. leggja áherslu á:

#### 4.1 Sjálfsvitund

**Sjálfsvitund** felst í því að nemandi öðlist raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd. Það felur í sér að nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs.

#### 4.2 Siðgæðisvitund

**Siðgæðisvitund** eða siðvit felur í sér að nemendur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks. Nemendur þurfa að læra að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljós. Enn fremur að læra að gera greinarmun á jákvæðu og neikvæðu hegðunarmynstri í samskiptum og bera virðingu fyrir öðrum.

#### 4.3 Félags- og borgaravitund

**Félags- og borgaravitund** - Þessi hugtök fela í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.

#### 4.4 Félagsfærni

**Félagsfærni** miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni. Börn með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings.

#### 4.5 Líkamleg og andleg velferð

Leggja þarf rækt við að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvæg viðmið í skólastarfi. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda og að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbriggt lífni stuðlar að almennri velferð. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkri þátttöku í samfélaginu.

#### 4.6 Leiðir skólans til að auka færni til að nýta íslensku í námi

Mikilvægt er að nemendur öðlist **færni í að nýta íslensku í námi**, leik og starfi. Leggja ber áherslu á að þjálfarar nemendur í íslensku í öllu námi. Þetta gildir jafnt um þá sem eiga íslensku að móðurmáli, þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þá sem hafa táknmál að móðurmáli. Leggja ber áherslu á að nemendur þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt, því ber m.a. að leggja áherslu á leikræna og listræna tjáningu og upplifun í skólastarfi.

## 5. Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir skulu einnig vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði innan kennslustunda og utan, þarf að styrkja börn og ungmenni til að temja sér námshæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Námshæfni er þannig undirstöðuþáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Þetta kallar á örvandi námsumhverfi í skólum. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjáfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

## 6. Lykilhæfni

Mikilvægt er að skólastarfi miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur og veita tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á alhliða hæfni nemenda krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Í aðalnámskrá grunnskóla eru lagðir til fimm lykilþættir í hæfni nemenda og eru allir jafn mikilvægir.

Lykilhæfniþættirnir fimm eru:

### 6.1 Tjáning og miðlun

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

### 6.2 Skapandi og gagnrýnin hugsun

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

### 6.3 Sjálfstæði og samvinna

Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

### 6.4 Nýting miðla og upplýsinga

Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

### 6.5 Ábyrgð og mat á eigin námi.

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

## 7. Kennsluhættir

Í stefnu skólans er að því stefnt að nám nemenda skuli vera einstaklingsmiðað en byggja á samvinnu, lausnaleyti, þverfaglegri vinnu og fjölbreyttum kennsluháttum. Í skólastarfinu er lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti með það að leiðarljósi að höfða til hvers og eins nemanda í anda einstaklingsmiðaðs náms. Leitast er við að efla færni nemenda í upplýsingatækni, upplýsingaleyti og hvetja til fjölbreyttra leiða við úrlausnir verkefna þar sem frumkvæði og sköpun nemenda er höfð að leiðarljósi.

### 7.1 Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um kennsluhætti skóla

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Sem dæmi má nefna að þau sem lúta að eflingu siðferðis- og félagsþroska, lýðræðislegri þátttöku og borgaravitund, verður t.d. því aðeins náð með því að efla siðfræði og félagsfærni nemenda á markvissan hátt og stuðla að jákvæðum skólabrag sem einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, samstarfi og samvinnu.

Val á kennsluaðferðum og skipulag skólstarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum áhuga og vinnugleði. Kennsluhættir skulu taka mið af jafnrétti og jafnræði og mega ekki mismuna nemendum, t.d. eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Áhersla er lögð á heildstætt nám og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Markmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi og lesskilningi sem allra fyrst á skólagöngunni. Í stefnu skólans er kveðið á um að í skólanum sé áhersla á framfarir og leiðsagnarmat, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Nemendur eiga að geta haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, vita hvar þeir eru staddir, hvert þeir eiga að stefna og hvað er góður árangur. Námið er einstaklingsmiðað en byggir á samvinnu, lausnaleyti, þverfaglegri vinnu og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum.

### 7.2 Kennsluhættir skólans

Fjölbreytni nemendahópsins í Austurbæjarskóla felur í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið og er uppeldi, framfarir, menntun og líðan nemandans sett í öndvegi. Í skólanum er stuðlað að hugarfari vaxtar þar sem hæfileikar eru ræktaðir með áherslu á leiðsagnarnám, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Nemendur eiga að geta haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, vita hvar þeir eru staddir, hvert þeir eiga að stefna og hvað er góður árangur. Námið er einstaklingsmiðað en byggir á samvinnu, þverfaglegri vinnu og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum.

Í skólanum beinist kennsla að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þar með þá hæfni sem stefnt er að með menntun. Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja

árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins, jafnrétti og jafnræði og mega ekki mismuna neinum, t.d. eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem stefnt er að samkvæmt námsáætlunum. Áhersla er lögð á heildstætt nám og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Markmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi og lesskilningi sem allra fyrst á skólagöngunni.

Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta og nauðsynlegt er að allir innan skólans sýni gott fordæmi í þeim efnum. Reynt er að stuðla að því að öllum geti liðið vel í skólanum.

### 7.3 Leiðsagnarnám

Til að fullur árangur náist í leiðsagnarnámi þurfa fimm grunnþættir að vera til staðar; námsmenning, skipulag, áhugi, námsmarkmið, viðmið og fyrirmyndir, samræður og spurningtæki og síðast en ekki síst endurgjöf. Hér á eftir eru nokkrir minnisþingar um rök og lýsing á umræddum þáttum.

#### 7.3.1 Námsmenning

Hvers vegna? Góð námsmenning er forsenda leiðsagnarnáms, án hennar geta nemendur ekki tekið við leiðsögn/endurgjöf og notfært sér hana. Auk þess er góð námsmenning nauðsynleg til að uppbyggilegar samræður og samvinna geti átt sér stað í nemendahópnum.

Góð námsmenning einkennist af eftirfarandi:

##### 7.3.1.1 Væntingar.

Kennarinn væntir þess að allir nemendur geti aukið framfarir sínar í náminu þegar námið er við hæfi. Væntingar kennarans hafa þau áhrif að allir nemendur vita að þeir geta aukið framfarir sínar og þeir fagna því áskorunum.

##### 7.3.1.2 Hugarfar.

Vaxandi hugarfar er ríkjandi.

Nemendur eru meðvitaðir um eigið nám og námsstíl. Nemendur vita hvernig og hvenær þeir læra, þeir þekkja styrkleika sína og vinna með veikleikana.

##### 7.3.1.3 Heilinn.

Nemendur vita að heilinn virkar á svipaðan hátt og vöðvi, þegar hann er notaður styrkist hann og eflist. Í hvert sinn sem nemendur öðlast nýja hæfni verða til nýjar brautir í heilanum.

##### 7.3.1.4 Mistök.

Mistök eru eðlilegur þáttur í námsferlinu, allir geta lært af þeim. Ef nemandi gerir engin mistök þá er hann líklega ekki að læra neitt nýtt.

#### 7.3.1.5 Þrautseigja.

Nemendum er hrósað fyrir að ná árangri með þrautseigju, ekki fyrir að vera fljótir eða svo miklir snillingar að þeir þurfa ekki að hafa fyrir hlutunum.

#### 7.3.1.6 Grípum þau góð.

Kennarinn verður athygli á því sem vel er gert en þegar hann þarf að finna að t.d. hegðun er það gert með einkasamtali.

#### 7.3.1.7 Námssamfélag.

Nemendahópurinn/bekkurinn lærir saman m.a. með því að deila þekkingu og mistökum.

#### 7.3.1.8 Getublöndun.

Nemendur kunna að vinna með ólíkum einstaklingum og vita að það skilar góðum árangri fyrir alla. Nemendur með sérþarfir eru almennt að vinna sömu verkefni og aðrir nemendur en fara oft aðrar leiðir að markmiðinu.

#### 7.3.1.9 Þátttaka nemenda.

Kennarinn veitir nemendum hlutdeild í skipulagningu náms og kennslu t.d. með þátttöku þeirra í að setja viðmið. Hugmyndir þeirra og áhugamál vega þungt.

### 7.3.2 Skipulag

#### 7.3.2.1 Hvers vegna?

Til að nemendur læri það sem þeim er ætlað að læra samkvæmt aðalnámskrá, og til að tíminn nýtist sem best. Það sem einkennir gott skipulag er:

#### 7.3.2.2 Undirbúningur.

Kennarinn ákveður markmið kennslustundarinnar/lotunnar út frá hæfniviðmiðum og lykilhæfni aðalnámskrár/ skólanámskrár og velur viðfangsefni (leið að markmiðinu) sem hann telur hjálpa nemendum til að tileinka sér viðkomandi hæfni. Hann þekkir þarfir nemenda sinna og tekur mið af þeim við skipulagningu námsins.

#### 7.3.2.3 Kennslustofan.

Öll gögn sem nemendur þurfa að nota eru til staðar og aðgengileg þegar kennslustundin hefst.

#### 7.3.2.4 Námsstoðir og námsveggir.

Áður en nemendur vinna verkefni eru byggðar upp námsstoðir sem styðja við nám nemenda t.d. listi af orðum til að nota í ritun eða aðferðir í stærðfræði. Námsstoðir og annað efni sem getur stutt við nám nemenda er á veggjum í kennslustofunnar og nemendur nýta það.

#### 7.3.2.5 Kennslustundin.

Uppbygging kennslustundarinnar fylgir í meginráttum eftirfarandi ferli:

- Áhugi nemenda vakinn
- Námsmarkmið sett
- Viðmið ákveðin (hvað er gott verkefni?). Námsstoðir
- Verkefnavinna, sem er fjölbreytt bæði hópvinna og einstaklingsvinna.

- Samantekt

Samræður, endurgjöf og úrvinnsla eru samofinn öllu ferlinu.

#### 7.3.2.6 Tímastjórnun.

Einkennandi fyrir kennslustundina er markviss tímastjórnun kennara. Nemendur nýta hverja stund.

### 7.3.3 Áhugi – námsmarkmið – fyrirmyndir og viðmið

#### 7.3.3.1 Hvers vegna?

Ef nemendur eiga að geta tekið ábyrgð á námi sínu þarf námið að vekja áhuga þeirra og hafa tilgang í þeirra huga. Þeir þurfa að vita hvað þeir eiga að læra (hvaða hæfni þeir eiga að tileinka sér) í tímanum/lotunni og hafa upplýsingar um hvað sé til marks um hvenær þeir hafa náð námsmarkmiðinu, með öðrum orðum hvernig vinna þeirra verður metin. Til að nemendur geti unnið verkefnið sitt eins vel og kostur er, verða þeir að vita hvernig gott verkefni er áður en vinnan hefst. Það sem einkennir upphaf kennslustunda er:

#### 7.3.3.2 Áhugi.

Kennarinn notar fjölbreyttar aðferðir til að vekja áhuga nemenda á viðfangsefninu. Jafnframt kannar hann þekkingu þeirra á efninu. Sem dæmi má nefna efni af netinu t.d. brot úr kvikmynd, tónlist, frétt úr fjölmiðlum, upplestur, ljósmyndir eða hluti. Með dæmunum vaknar skilningur nemenda á því að viðfangsefnið skiptir máli.

#### 7.3.3.3 Námsmarkmið.

Nemendur fá að vita hvað þeir eiga að læra í tímanum / lotunni. Kennarinn er meðvitaður um það er munur á verkefninu sjálfu og námsmarkmiðinu. Dæmi: Verkefni kennslustundarinnar er að nemendur færi skrifleg rök með eða á móti því að kosningaaldur verði færður niður í 16 ár. Námsmarkmiðið er fengið úr hæfniviðmiðum í aðalnámskrá grunnskóla:

Við lok 10. bekkjar getur nemandi tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli (Íslenska, ritun).

Einnig lykilhæfni: Við lok 10. Bekkjar getur nemandi brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða, rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn.

Námsmarkmið kennslustundarinnar er því að nemendur geti tekið þátt í rökræðum á þann hátt sem kveðið er á um, og fært skrifleg rök fyrir skoðunum sínum, í þeim málum sem um ræðir hverju sinni. Enda þótt verkefnið sé um breytingu á kosningalögum er markmiðið ekki bundið við það. Þetta er haft í huga þegar viðmiðin eru ákveðin.

#### 7.3.3.4 Fyrirmyndir og viðmið.

Nemendur skoða mismunandi útfærslu verkefna. Ef við höldum okkur við námsmarkmiðið hér á undan þá væri líklegt að nemendur myndu skoða nokkrar mismunandi fyrirmyndir, t.d. rökræður á netinu og greinar sem birst hafa í fjölmiðlum eða samfélagsmiðlum og/eða skoðað sambærileg verkefni sem aðrir nemendur hafa áður unnið. Undir stjórn kennara er efnið rætt og ólíkar útfærslur bornar saman. Loks er tekin ákvörðun um hvað einkenni góðar munnlegar og skriflegar rökræður og þau atriði skráð á töfluna. Viðmiðin hafa nemendur til hliðsjónar í verkefnum sínum og árangurinn er metinn út frá þeim.

### 7.3.4 Spurningatækni og samræður

#### 7.3.4.1 Hvers vegna?

Þegar kennarinn hefur gott vald á spurningatækni getur hann kannað þekkingu nemenda bæði í upphafi tímans og síðar. Þannig fylgist kennarinn með því hvar nemendur er staddir á leið sinni að markmiðinu, sem gefur honum jafnt og þétt tækifæri til að aðlaga námið að þörfum nemendanna og veita endurgjöf. Samræður nemenda annarsvegar og nemenda og kennara hins vegar stuðla að því að þekking og hugmyndir dreifast um nemendahópinn, þannig er t.d. hægt er að reisa námsstoðir fyrir nemendur. Samræður auka líkurnar á þátttöku allra nemenda og hjálpar þeim að auki að skipuleggja hugsun sína. Rannsóknir Hattie sýna að markvissar samræður nemenda um námið hafa mikil áhrif á námsárangur nemenda.

Það sem einkennir kennsluna þegar spurningatækni og samræðum er beitt markvisst:

#### 7.3.4.2 Engar hendur upp.

Kennari leggur opna spurningu fyrir nemendahópinn og gefur nauðsynlegan tíma til umhugsunar (1/2 - 1 mín.). Þá dregur kennarinn nafn eins nemanda og biður hann um að svara spurningunni. Kennarinn gæti verið búinn að skrifa nöfn hvers nemanda á tunguspaða eða íspinnaspýtu sem hann hefur í krús á borðinu. Hann getur einnig hafa skrifað nöfnin á kort sem hann hefur í stokk sem hann dregur úr. Loks gæti hann hafa skráð nöfn allra nemenda á vegg-skífu með vísi sem hann snýr. Aðalatriðið er að allir nemendur vita að þeir geta alltaf orðið fyrir valinu og þurfa að búa sig undir að svara. Þess vegna er nauðsynlegt að öll nöfnin séu alltaf til staðar, líka þeirra sem hafa svarað. Þeir eru með öðrum orðum ekki búnir og komnir í frí. Ef nemandinn sem verður fyrir valinu treystir sér ekki til að svara segir hann pass og kennarinn dregur annað nafn. Ef nemandinn hefur misskilið spurninguna eða svar hans er ekki rétt gæti kennarinn spurt nánar til að leiða hann á rétta braut eða endurorðað svarið svo að það fari í réttan farveg. Kennarinn gefur fleiri nemendum tækifæri til að bæta við eða koma með athugasemdir. Opnar spurningar eru notaðar til að dýpka og víkka svarið svo þekking nemendanna eða skilningur komist vel til skila í sameiginlegan þekkingarforða hópsins.

#### 7.3.4.3 Samráðsfélagar.

Af og til biður kennarinn nemendur um að snúa sér að samráðsfélaga sínum, til að svara spurningu, leysa eða undirbúa verkefni í afmarkaðan tíma, oft 1 – 5 mín. Nemendur hafa verið þjálfaðir í að vera samráðsfélagar og bekkurinn/hópurinn hefur ákveðið viðmið um hvernig góður samráðsfélagi vinnur. Nemendur eru paraðir saman með tilviljun og skipta reglulega um samráðsfélaga, t.d. vikulega en sjaldnar þegar nemendur eldast. Þeir sitja saman á tímabilinu. Þegar einhver nemandi hefur takmarkað vald á íslensku er gott að hann hafi tvo samráðsfélaga. Mikill kostur er ef annar þeirra hefur sama móðurmál og hann en hefur náð betri tökum á íslenskunni.

Dæmi um viðfangsefni samráðsfélaga:

- Samráðsfélagar safna saman og skrá orð sem nota á í ritun - Námsstoðir.
- Kennarinn hefur reiknað fjögur dæmi á töfluna, eitt þeirra er rangt reiknað. Samráðsfélagar eiga að finna út hvaða dæmi það er og rökstyðja.
- Samráðsfélagar sjá fjórar mismundandi teikningar af fiðrildi og eiga að koma sér saman um hverjar eru bestar og hvers vegna – Viðmið
- Samráðsfélagar skiptast á verkefnum og meta þau út frá viðmiðunum sem hafa verið skilgreind, og gera hvor öðrum munnlegar grein fyrir því hvað þeim þykir vera vel gert og hvers vegna og hvað þær gætu gert enn betur.- Jafningjamat.



- Kennarinn hefur skráð fimm ólíkar fullyrðingar á töfluna. Samráðsfélagar eiga að finna hver er rétt og rökstyðja.

Kennarinn gengur um, fylgist með og veitir endurgjöf. Þegar samráðstíminn er liðinn biður kennarinn samráðsfélagana, eitt par eða fleiri um að gera bekknum/hópnum grein fyrir niðurstöðum sínum og spyr nánar. Stundum biður hann annan samráðsfélagann um að segja frá hugmyndum félaga síns.

### 7.3.5 Endurgjöf

#### 7.3.5.1 Hvers vegna?

Ein stærstu sóknarfæri kennara til að auka framfarir nemenda eru fólgin í því að veita nemendum góða endurgjöf. Markmið endurgjafar-innar er að hjálpa nemandanum til að auka framfarir sínar. Endurgjöfin felur í sér leiðsögn sem lokar bilinu milli núverandi stöðu nemandans og markmiðanna sem hann stefnir að. Ef endurgjöfin felur ekki í sér leiðsögn um hvert nemandinn skuli stefna næst eða hvernig hann geti aukið gæði verkefnis síns er hún ekki góð. Forsenda endurgjafar er því að nemendur geti nýtt sér hana.

Bestur árangur af endurgjöf er þegar leiðsögninni er beint að:

- gæðum náms nemandans, ekki samanburði við aðra nemendur
- sértækum úrræðum sem nemandinn getur notað til að auka gæði vinnunnar
- framförum sem nemandinn hefur náð samanborðið við fyrri vinnu hans

Til að nemendur geti tekið á móti endurgjöf þarf að byrja á því að þróa námsmenningu við hæfi. Nemandinn þarf m.a. að búa yfir réttu hugarfari og sjálfstrausti til að geta tekið á móti endurgjöf og byggt á henni. Kenna þarf nemendum að nýta sér endurgjöf, jafnframt þurfa nemendur að læra að veita hver öðrum endurgjöf.

Clarke og Hattie (2018) halda því fram að sú endurgjöf sem hefur mest áhrif sé endurgjöfin sem nemendur veita kennaranum. Þegar kennarinn veitir hvað nemendur hans vita, skilja, misskilja og hvaða villur þeir gera, verður hann færari um að laga nám og kennslu að þörfum nemendanna. Þrátt fyrir góðan árangur af endurgjöf þarf kennari alltaf að vera meðvitaður um að stundum getur verið árangursríkara að kenna efnið aftur á annan hátt, frekar en að veita endurgjöf þegar nemendum hefur ekki tekist að ná námsmarkmiðum sínum. Tilgangslítið er að eyða dýrmætum tíma í að veita endurgjöf sem nemendur geta ekki notað til að auka framfarir sínar í náminu.

Það sem einkennir kennsluna þar sem endurgjöf er beitt á markvissan og leiðbeinandi hátt:

#### 7.3.5.2 Endurgjöf alla kennslustundina.

Námsmarkmið hafa verið vel skilgreind og brotin niður í viðmið. Kennarinn veitir jafnt og þétt endurgjöf í kennslustundinni / lotunni t.d. þegar einstaka nemendur og samráðsfélagar svara spurningum hans eða ræða saman.

#### 7.3.5.3 Tvær/þrjár stjórnur og ein ósk.

Bæði kennari og nemendur nota tvær/þrjár stjórnur og eina ósk þegar þeir eru að veita endurgjöf. Tvö – þrjú atriði sem eru vel gerð miðað við viðmiðin og eitt sem væri hægt að gera betur.

#### 7.3.5.4 Smátöflur.

Nemendur nota smátöflur til að skrifa á svör sín eða dæmi til að kennarinn sjái á augabragði hvort allir hafi skilið. Stundum biður kennarinn nemendur um að lyfta töflunum svo hann sjái betur og geti brugðist við í samræmi við niðurstöður.

#### 7.3.5.5 Kennarinn gengur um.

Meðan nemendur ræða saman eða vinna að verkefnum sínum gengur kennarinn um, hlustar eftir og skoðar. Hann vekur athygli nemendanna á því sem er athyglisvert og / eða vel er gert og bendir á það sem gæti aukið gæði verkefnisins. Hann leitast við að skilja hvað nemandinn er að hugsa og styður hann til sjálfsmats.

#### 7.3.5.6 Áherslupennar.

Kennarinn notar áherslupenna t.d. gulan til að merkja við það sem er gott í skriflegum verkum nemenda en t.d. blátt við það sem þarf að bæta. Hann gengur um og metur hvort og hvernig nemendur ná viðmiðum verkefnis og notar pennana til að strika undir það sem við á hjá nemendum. Kennarar skólans samræma notkun lita.

#### 7.3.5.7 Mat hópsins.

Einstaklingar og hópar kynna verkefni sín fyrir öllum bekknum / hópnum. Hópurinn gefur tvær / þrjár stjörnur og eina áskorun, ræðir málin og bendir á hugsanlega möguleika til að auka gæði verkefnisins.

#### 7.3.5.8 Endurgjöf jafningja.

Kennarinn biður samráðs-félaga um að skiptast á verkefnum og þeir meta gæði þeirra út frá viðmiðunum. Þeir merkja t.d. við tvennt sem er gott og eitt sem mætti vera betra. Þeir gera félagi sínum munnlega grein fyrir mati sínu og koma með tillögur að úrræðum, nemandinn ákveður sjálfur hvort hann nýti tillögur og ráð sem hann fær.

#### 7.3.5.9 Sjálfsmat.

Nemendur meta sjálfir verkefni sín á grundvelli viðmiðanna.

#### 7.3.5.10 Nemendur nýta endurgjöfina.

Í hverri kennslustund eða lotu er gert ráð fyrir tíma sem nemendur hafa til að nýta endurgjöfina. Stundum er vinstri blaðsíðan í vinnubók notuð til að nemendur geti skrifað aftur eftir að hafa fengið endurgjöf.

#### 7.3.5.11 Skrifleg endurgjöf.

Stundum þarf kennarinn að veita endurgjöf þegar kennslustundinni er lokið. Hann metur þá verkefnið út frá markmiðum þess og þeim viðmiðum sem lágu fyrir. Hann getur t.d. notað áherslupenna eða gefið tvær stjörnur fyrir það sem vel er gert og skrifað eina áskorun um það sem mætti bæta. Næst þegar hann hittir nemendur fá þeir tækifæri til að nýta sér endurgjöfina

## 8. Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Megintilgangur námsmats er að skapa forsendur til að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná markmiðum Aðalnámskrár, skólanámskrár og eigin námsmarkmiðum. Námsmat á að stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, vinnubrögð og framfarir.

Áhersla er á að nemendur séu meðvitaðir um hvað lagt er til grundvallar í námsmatinu; námsmatið sé hvetjandi, greinandi og leiðbeinandi. Þegar lagt er mat á frammistöðu eða framfarir nemenda, með hliðsjón af markmiðum skólans, skal fyrst og fremst miðað við þann nemanda sem í hlut á. Þá eru metnar framfarir nemandans og árangur miðað við hans eigin hæfileika og getu. Námsmat á sér stað jafnt og þétt á námstímanum. Markmið með námsmati er að kanna hvort og að hve miklu leyti nemandi

hefur náð tilskyldum markmiðum, að matið sé leiðbeinandi og hvetjandi sem og að upplýsa foreldra um námsstöðu barnsins. Námsmat er einnig mikilvægt til að greina hverjir þurfi á sértækri aðstoð að halda svo að hægt sé að koma til móts við þarfir hvers og eins.

### 8.1 Matskvarði

Í aðalnámsskrá grunnskóla er kveðið á um nýjan matskvarða. Þar eru skilgreind matsviðmið sem lýsa þeirri hæfni sem liggur að baki hverri einkunn. Mat á hæfni byggir ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra, túlka og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs.

Við mat á hæfni nemenda er notaður kvarðinn A,B,C,D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Þá hefur verið bætt við kvarðann B<sup>+</sup> og C<sup>+</sup> sem getur nýst þegar nemendur hafa náð að hluta þeim viðmiðum sem lýst er í Aðalnámsskránni varðandi A og B. Ekki verða útbúin sérstök matsviðmið fyrir þessa viðbót heldur gildir það að sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B<sup>+</sup> og sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C<sup>+</sup>. Á vef Menntamálastofnunar um fyrirkomulag á nýju námsmati kemur fram að nemandi sem fær A þarf að vera búin að ná öllum matsviðmiðum greinar.

Heimilt er að gefa lokið / ólokið í ákveðnum greinum.

Nemendur í 10. bekk útskrifast eftir matskvarða Aðalnámsskrár grunnskóla. Þann matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda.

Lokamat er sem hér segir:

- A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs
- B+ Hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A
- B Góð Hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs
- C+ Hæfni sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B
- C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

Stjórnumerktar einkunnir fá þeir nemendur sem stundað hafa nám sitt að fullu eða að hluta eftir aðlagðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir, en ekki samkvæmt hæfni og matsviðmiðum aðalnámsskrár grunnskóla.

Nemendur í 1.-9. fá einnig einkunnir í bókstöfum en auk þess er notast við matið lokið / ólokið í einhverjum greinum.

## 9. Innra mat á árangri og gæðum

Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla. Í hverjum skóla skal móta skýra stefnu í samræmi við grunnþætti í menntun, markmið og áherslupætti grunnskólalaga, ákvæða í aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers skóla sem fram kemur í skólanámskrá. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mati skóla er ætlað að stuðla að umbótum. Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að unnið sé að. Sjálfsmatsskýrslu skólans má nálgast [hér](#).

## 10. Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Skólastarf þarf að vera í sífelldri mótun. Ný þekking á sviði uppeldis og menntunar kallar á endurskoðun, sama má segja um nýja þekkingu innan þeirra fræðasviða sem eru bakhjarlar námssviða og námsgreina. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og tækninýjungar knýja einnig á um breytingar. Samstarf og samhæfing eru lykilatriði í farsælu þróunarstarfi á sviði skólamála. Yfirvöld menntamála, sveitarstjórnir, sérfræðiþjónusta, skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi.

### 10.1 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólaársins 2019-20 er sett fram í kjölfar niðurstaðna heildarmats.

#### 10.1 Fagleg forysta - haust 2019

Ábendingar úr matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Skólaste fna
Skoða mætti leiðir til að auka enn frekar samstarf við leikskóla og aðrar stofnanir í grenndarsamfélaginu.	Funda árlega með stjórnendum leikskóla um föst samstarfsverkefni. Vera opin og vakandi yfir verkefnum við aðra.	Að fyrir liggi að hausti hver samstarfsverkefni vetrarins eru	Sjálfsmatsskýrsla 2019	Í vinnslu. Unnið í ágúst og september 2019	Haust 2019	<b>Vilji</b>

Skrá þarf verklag varðandi samstarf við leikskóla, framhaldsskóla og aðrar stofnanir og aðila í grenndarsamfélaginu þar sem m.a. kemur fram í hverju samstarfið er fólgið og hverjir ábyrgðaraðilar eru.	Setja verklagið niður á blað	Að verklagið sé skýrt og aðgengilegt á heimasíðu	Sjálfsmatsskýrsla 2019	Í vinnslu	Október 2019	<b>Vilji</b>
Að lokinni stefnumótunavinnu er brýnt að kynna stefnu og áherslur skólans, fyrir nemendum, starfsfólki og foreldrum.	Kynnt á heimasíðu auk þess sem útbúinn verður kynningarbæklingur Haust 2019	80% nemenda, starfsfólks og foreldra þekki stefnu og áherslu skólans.	Kannað með því að leggja fyrir Skólapúls og vinnustaðagreiningu RVK 2019	Kynnt og kannað í fyrsta sinn haust 2018 og árlega eftir það.  Kynningarspjöld tilbúin í sept 2018	Haut 2019	<b>Velliðan</b>
Setja ætti upplýsingar um þróunarverkefni og helstu áherslur skólans inn á heimasíðu.	Upplýsingar settar fram á heimasíðu	Að upplýsingar séu aðgengilegar á heimasíðu	Haut 2019	Í vinnslu. Verið er að endurnýja heimasíðu.	Haut 2019	<b>Vilji</b>

### 10.2 Stefnumótun og skipulag – haust 2019

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlan)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Stefna
Ræða ætti framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum.	Samtal um skólastefnu verði hluti af innra mati sem lagt verður mat á með árlegum matsfundum	Að haldnir verði árlega matsfundir og niðurstöður settar fram í sjálfsmatsskýrslu	Í sjálfsmatsskýrslu 2020	Í vinnslu. Starfsmannaþing þar sem lagt verður mat á framkvæmd skólastefnu 2. okt.	Haut 2019	<b>Vöxtur</b>
Móta þarf heildarsýn skólans um	Stefnumótunarvinna	Að frá og með hausti liggi fyrir stefna skólans um	Í sjálfsmatsskýrslu 2020	Í vinnslu	Haut 2019	<b>Vöxtur</b>

hvernig bregðast eigi við margbreytileika aðgreiningar.		margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar				
---	--	--	--	--	--	--

### 10.3 Samskipti heimila og skóla – haust 2019

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Stefna
Kynna ætti viðmið um foreldarsamstarf frá skóla- og frístundasviði fyrir foreldrum og kennurum og laga þau að þörfum skólans.	Foreldrafélag geri starfsáætlun í samstarfi við skólann	Að til sé starfsáætlun sem unnið er eftir	Skólaárið 2019-20	Í vinnslu	Haust 2019	Vilji

### 10.4 Nám og námsaðstæður – Haust 2019

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Stefna
Uppfæra þarf hluta skólanámskrár og gagnlegt væri að birta hana sem heildstætt skjal.	Skólanámskrá uppfærð.	Að skólanámskrá sé uppfærð árlega.	Sýnilegt á nýrri heimasíðu í einu skjali frá hausti 2019	Í vinnslu	Haust 2019	Vöxtur

### 10.5 Þátttaka og ábyrgð nemenda – haust 2019

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Stefna
Móta þarf leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið og kynna fyrir þeim.	Hugmyndakassi settur upp hjá ritara þar sem nemendur geta komið á framfæri hugmyndum sínum.  Þrjár stjórnur ein ósk lagt fyrir árlega	Að nemendum hafi leiðir til að koma hugmyndum sínum á framfæri.	Í sjálfsmatsskýrslu 2019	Í vinnslu	Haust 2019	Víðsýni

	Nemendaping árlega.					
--	---------------------	--	--	--	--	--

### 10.6 Skóli án aðgreiningar – haust 2019

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Stefna
Gera ætti sýnilegra að í skólanum eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku.	Hópur kennara leggi fram hugmyndir að því hvernig best er að koma þessu í framkvæmd.	Að innan veggja skólans fari ekki milli mála að hér eru nemendur frá ýmsum þjóðlöndum og að það er styrkur skólans.	Sjáanlegt á veggjum.	Í vinnslu	Hau st 2019	Víðsýni
Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar í upphafi skólaárs.	Kennarar leggi sig fram um að hefja verkið að vori og nýta fyrstu starfsdaga haustsins til að ljúka við þær og fá þær undirritaðar af foreldrum.	Að nemendur hafi strax í upphafi vetrar áætlun sem stefnt er að þeir vinni eftir.	Fundur með stoðþjónustu 1.sept. 2019  Tilbúið til undirritunar fyrir foreldra á foreldradegi í okt.	Í vinnslu	Hau st 2019	Vöxtur
Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár tengist bekkjarnámskrám, að í þeim séu tilgreind skýr hæfniviðmið, markmið, námsmat og ábyrgð hagsmunaaðila.	Kennarar í stoðþjónustu vinna áætlanir samkvæmt þessu.	Að einstaklingsáætlanir séu í tengslum við bekkjarnámskrár, með skýrum hæfniviðmiðum, markmiðum, námsmati og tilgreint um ábyrgð hagsmunaraðila	Fundur með stoðþjónustu í sept. 2019  Sjálfsmatsskýrsla 2020	Í vinnslu	H A U S T 19	Vöxtur
Í einstaklingsnámskrám ætti að	Kennarar í stoðþjónustu vinna áætlanir	Að tilgreint sé um samstarf við foreldra í áætlun.	Fundur með stoðþjónustu Sept 2019	Í vinnslu	H A U S	Vilji

tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttað og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum.	samkvæmt þessu.	Aðkoma nemenda er tryggð og á ábyrgð kennara í stoðþjónustu.	Sjálfsmatsskýrsla 2020		t 19	
Tryggja þarf að unnið sé með niðurstöður skimana og kannana.	Liður í endurskipulagi stoðþjónustu	Unnin er „prófill“ af nemendum og þess gætt að brugðist sé við niðurstöðum skimana og þær greindar til aðgerða.	Sjálfsmatsskýrsla 2019-20	Í vinnslu	Hau st 201 9	Vöxtu r  Vilji
Tryggja þarf að niðurstöður kannana séu allar kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöðurnar.	Verkferli fylgt	Að gengið sé eftir að verkferli sé fylgt	Sjálfsmatsskýrsla 2019	Í vinnslu	Hau st 201 9	Vöxtu r  Vilji

#### 10.7 Mannauður – haust 2019

Ábend-ingar í mats-skýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbóta-liðar	Lok	Skóla-stefna
Huga þarf að líðan starfsmanna og leita leiða til að bæta hana.	Greina þarf nánar hvað veldur vanlíðan hjá 30% starfsmanna. Greining og umbætur frá utanaðkomandi sérfræðingum	Niðurstöður í viðhorfskönnun starfsmanna 2020 verði að 90% starfsmanna líði vel í vinnunni.	Viðhorfskönnun RVK 2020	Í vinnslu	Vor 2020	Vellíðan



10.8 Fagleg forysta - Vor 2020

Ábendingar úr matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Skóla- stefna
Nýta mætti heimasíðu betur til að miðla fréttum af skólastarfinu og góðum árangri nemenda innan og utan skólans.	Fjölga þeim sem færa fréttir á heimasíðu	Vikulega birtist ný frétt á heimasíðu frá og með hausti 2020	Skólapúls – foreldrakönnun 2019	Í vinnslu	Vor 2020	Vilji
Tryggja þarf að allir starfsmenn séu upplýstir um viðbrögð við einelti og áreiti í starfsmannahópn um. (sjá einnig bls. 25).	Fyrirlestur að hausti 2019 og aftur árlega.  Minnt á ferilinn í starfsmannasamtali.	Að fólk viti hver viðbrögðin eru	Vinnustaðagreining 2020	Lokið  Fyrirlestur fór fram á fyrstu starfsdögum í ágúst 2019	Haust 2019	Velliðan
Leita þarf leiða til að byggja upp traust milli stjórnanda og starfsfólks og auka samstarf innan starfsmannahópsins alls.	Óskað hefur verið aðkomu frá sérfræðingum  Ræða þarf um mikilvægi samstarfs og fá fræðslu um hvernig efla megi samstarf á vinnustað.	Að traust og samstarf mælist meira en áður	Vinnustaðagreining 2020	Í vinnslu	Vor 2020	Velliðan

10.9 Stefnumótun og skipulag – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Skóla- stefna
Kennarar mættu nýta sér betur sveigjanleika í stundaskrá nemenda til að skapa samfellu í	Kanna hjá kennurum með hvaða hætti þeir eru að nýta sér þann sveigjanleika sem hefur verið	Í samtali skólastjóra við árganga.  Í starfsmannasamtali 2020	Í sjálfs-matsskýrslu 2019-20	Í vinnslu	Vor 2020	Vöxtur

námi, t.d. með lotukennslu, smiðjum eða þemaverkefnum	skapaður og bent á leiðir í þeim efnum.					
---	---	--	--	--	--	--

#### 10.10 Samskipti heimila og skóla – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok
--------------------------	-------------------------------	-------------------	---------------	-------------------	-----

#### 10.11 Nám og námsaðstæður – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Skólastefna
Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöður.	Að niðurstöður kannana séu ávallt kynntar í skólaráði, á fundum með starfsmanna og foreldrum og nemendum.  Unnin er umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna	Að fulltrúar skólaráðs séu vel upplýstir um niðurstöður og viðbrögð skólans við þeim.	Sjálfsmatsskýrsla 2018-19	Í vinnslu	Vor 2019	Vilji
Lagt er til að verkefni nemenda verði sýnilegri á veggjum skólans og í skólastofum.	Stofnuð verði sýningarnefnd sem sér um þennan þátt mála	Að reglulega sé nemendavinnu skipt út.	Sjáanlegt á veggjum	Í vinnslu	Vor 2019	Vilji Viðsýni Vellíðan

#### 10.12 Þátttaka og ábyrgð nemenda – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbótaliðar	Lok	Skólastefna
Gera ætti upplýsingar og ákvarðanir ráða eða nefnda þar	Upplýsingar frá fundum skólaráðs. Fundargerðir vistar á	Að nemendur telji sig upplýsta og viti hvar þeir geti nálgast	Rýnihópur nemenda. Sjálfsmatsskýrsla 2019	Í vinnslu	2019-20	Vilji

sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í aðgengilegar öllum nemendum.	heimasíðu og veittar á fundum nemendaráðs.  Upplýsingaskjár nýttur þegar það á við.	upplýsingar um ákvarðanir.				
Tryggja þarf að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur.	Innleiðing leiðsagnarnáms og breyttra kennsluhátta t.d. frá John Morris.	Að markmið kennslustunda séu nemendum ljós og þeir viti hvað þarf til að ná góðum árangri.	Skólapúlsin 2019	Í vinnslu	Vor 2020	Vöxtur


#### 10.13 Skóli án aðgreiningar – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbót aliðar	Lok	Skólaste fna
Gott væri að fá fræðslu um virkt tvítyngi fyrir allt starfsfólk.	Sett í símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2019-20	Að allir njóti fræðslunnar.	Starfsmanna viðtal 2019	Í vinnslu	Vor 2019	Víðsýni
Tryggja ætti að nemendur sem það þurfa, fái aðlagað námsefni.	Að kennarar aðlagi námsefni að þörfum nemenda tryggi að þeir hafi námsefni við hæfi	Að allir séu með námsefni við hæfi	Sjálfsmatsskýrsla 2019	Í vinnslu	Árlegt	Vöxtur
Í einstaklingsnám skrá ætti að skrá í hæfniviðmiðum hvaða hæfni nemendur eiga að ná, fremur en hvað	Eyðublöð endurbætt í anda aðalnámsskrár.	Að einstaklingsnám skrár, eins og aðrar kennsluskrár, taki mið að hæfniviðmiðum aðalnámsskrár.	Í skólapúlsi 2019	Í vinnslu	Vor 2020	Vöxtur

nemendur eiga að gera.						
------------------------	--	--	--	--	--	--

### 10.13.1 Skóli án aðgreiningar – Vor frh.

Koma þyrfti betur til móts við nemendur af erlendum uppruna, m.a. með aðlöguðu námsefni og námsmati.	Að allir kennarar búi yfir aðferðum við að kenna íslensku sem annað mál og líti svo á að kennsla innflytjenda sé sameiginlegt verkefni allra sem með börnunum starfa. Kennarar stoðþjónustu aðstoði bekkjarkennara við að aðlaga námsefni og tryggja að námsmat sé í takt við það sem nemendur hafa verið að vinna að og fram kemur í einstaklingsáætlun. Símenntunaráætlun taki ávallt mið af því því að efla hæfni kennara við að kenna ísl. sem annað mál.	Að allir nemendur séu með námsefni við hæfi og námsmat sé í takt við það sem unnið hefur verið að.	Rýnihópur nemenda 2020 og sjálfsmats-skýrsla 2020.	Í vinnslu	2020	Víðsýni Vöxtur Velliðan
Efla þarf fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, t.d. leggja meiri áherslu á samræðu og samstarf meðal nemenda.	Að kennarar ígrundi kennslu sína og aðlagi með tilliti til þessa. Símenntunaráætlun skólans og einstaka starfsmanna taki mið af þessu.	Að kennsluhættir séu fjölbreyttir og sveigjanlegir.	Skólapúlsin 2020	Í vinnslu	Árlegt	Vöxtur Vilji
Mikil tækifæri liggja í því að endurskoða námsmat í skólanum með þátttöku allra hagsmunaaðila.	Innleiðing leiðsagnarnáms  Allir kennarar fá næga þjálfun til að ná tökum á því að færa námsmat inn í „nýja mentor“	Að leiðsagnarmat verði vinnulag sem fast er í sessi í skólanum.  Einstaklingsmiðuð fræðsla/leiðsögn	Í sjálfsmats-skýrslu 2020	Í vinnslu	Árlegt	Vöxtur



### 10.14 Mannauður – Vor 2020

Ábendingar í matsskýrslu	Viðbrögð skóla (Umbótaáætlun)	Viðmið um árangur	Hvernig metið	Staða umbóta-liðar	Lok	Skóla-stefna
Huga þarf að líðan starfsmanna og leita leiða til að bæta hana.	Greina þarf nánar hvað veldur vanlíðan hjá 30% starfsmanna. Hér þarf utanaðkomandi aðstoð t.d. frá mannauðsdeild sfs.	Niðurstöður í viðhorfskönnun starfsmanna 2019 verði að 90% starfsmanna líði vel í vinnunni.	Viðhorfskönnun RVK 2019	Í vinnslu	Vor 2019	Vellíðan

## 10.2 Þróunarverkefni

Austurbæjarskóli vinnur að tveimur þróunarverkefnum skólaárið 2019-20

### 10.1.1 Leiðsagnarmat

Austurbæjarskóli er einn af þátttökuskólunum í þróunarverkefninu Leiðsagnarmat undir stjórn Nönnu K. Christianssen. Meginmarkmið verkefnisins er að innleiða hugmyndafræði og aðferðir leiðsagnarmats svo að námsmenning skólans breytist í þá veru að leiðsagnarnám/mat einkenni allt skipulag náms og kennslu. Sjá nánar <https://nammedleidsogn.wordpress.com/> Í skólanum er innleiðingarteymi sem skipað er kennurum á öllum stigum og skólastjórnendum. John Morris hefur einnig veitt kennslufræðilega leiðsögn inn í skólastarfið sem styður við leiðsagnarmatið.

### 10.1.2 Nemendaviðtöl

Nemendaviðtöl eru nokkurs konar „sjáðu mig viðtöl“, sem umsjónarkennari á við barnið. Kennarinn skilur ráðgjafann eftir heima eins og sagt er og beinir athygli sinni 100% að barninu. Kennari er til staðar, hlustar og spyr opinna spurninga eins og: Hvað gengur vel? Hvert stefnir þú? Hvers vegna er það mikilvægt? Hvað meinar þú með því? Nemandinn setur sér markmið, segir hvað hann ætlar að gera til að ná þeim og hvenær hann ætlar að hafa náð þeim. Nemendum gagnast slík viðtöl vel, þau auka trú þeirra á eigin getu, efla sjálfsmynd þeirra og seiglu og stuðla að jákvæðari skólabrag. Kennarar munu einnig styrkjast í starfi við að eiga þessi samtöl. Þeir kynnast nemendum betur, vita hvert þeir vilja stefna og geta þá stutt enn betur við þá en áður.

### 10.1.3 Nemendastýrð foreldrasamtöl

Í nemendastýrðum foreldrasamtölum vinnur nemandinn að undirbúningi viðtalsins undir leiðsögn kennara. Nemandi og kennari taka svo á móti foreldrum og er nemandinn í aðalhlutverki, kennari er áheyrandi. Nemandi segir frá ákveðnu viðfangsefni sem hann vill sýna, segir hvers vegna verkefnið er gott en sýnir einnig verkefni sem er ekki eins gott og segir hvað hann hefði þurft að gera betur svo að verkið væri gott.

### 10.1.4 Starfendarannsókn í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis

Um er að ræða starfendarannsókn þar sem kennurum í leik og grunnskólum verður fylgt eftir á sínum vinnustað. Auk þess verður efnt til samtals milli þessara hópa utan vinnutíma þar

sem þeim gefst kostur á að ræða málin opinskátt á fræðilegum og faglegum nótum með það að markmiði að móta sameiginlega framtíðarsýn og áherslur hvað varða samfellu í námi barna með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn.

Til að skapa samfellu í námi barna sem flytjast frá leikskóla yfir í grunnskóla er samvinna kennarana á báðum skólastigum lykilatriði. Búast má við að kennararnir hafa mismunandi sjónarhorn bæði á menntun og starfshætti en líka á bernskuna og barnið sjálft. Með því að vinna saman og skapa sameiginlegan skilning á hugtökum og þekkingu má ímynda sér að dýpri samfella skapist milli skólastigana, kennurum, börnum og fjölskyldum þeirra til hagsbóta (Dockett & Perry, 2007; Dunlop & Einarsdóttir, in print; Hopps, 2014; Murray, 2014; Peters, 2010).

Friðborg Jónsdóttir doktorsnemi leiðir starfendarannsóknina með kennurum af báðum skólastigum og frístundarheimilinu.

Markmið rannsóknarinnar er að bæta þjónustu og stuðning við börnin og fjölskyldur þeirra og auka líkurnar á jákvæðri upplifun þeirra af skólagöngunni. Rannsóknin mun skapa þekkingu á áhrifum þess að flytja á milli skólastiga og stuðla að samfellu í námi og velgengni barna með fjölbreyttan menningarlega bakgrunn. Nú er almennt viðurkennt að samfella í námi barna og reynsla þeirra af því að skipta á milli skólastiga skiptir miklu mála þegar kemur að almennri vellíðan þeirra og velgengni í skólanum (Vogler, Crivello, & Woodhead, 2008). Svipaðar áherslur koma fram hjá OECD (2006) þar sem lögð er áhersla á að veita athygli og bregðast við þeim áskorunum er mæta börnum er þau fara frá einu skólastigi yfir á annað.

Auk þess að skapa þekkingu sem nýtist stefnumótandi aðilum í menntamállum munu fræðimenn og kennarar njóta góðs af verkefninu. Niðurstöðurnar munu leiða í ljós þær áskoranir sem börn með fjölbreyttan bakgrunn og fjölskyldur þeirra standa frammi fyrir og með hvaða hætti er hægt að styðja og styrkja þennan viðkvæma hóp sem best og auka möguleika á velgengni þeirra í námi og lífshlaupi.

## 11. Samstarf heimila og skóla

Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar þeir sem fara með forsjá barns. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli séu vettvangur menntunar.

Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Fullorðna fólkíð hefur mest áhrif á barnið og ber ábyrgð á velferð þess. Samstarf skóla og foreldra hefur áhrif á líðan barns og námsárangur og því er mikilvægt að foreldrasamstarf sé gott í skólanum.

Kennari getur átt ríkan þátt í að stuðla að aukinni hlutdeild foreldra. Með því að vinna að samstarfinu á markvissan og skipulagðan hátt gefst foreldrum tækifæri á að taka þátt í starfi barna sinna. Starfsáætlun foreldrafélagsins má finna [hér](#).

### 11.1 Upplýsingamiðlun

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri barna og bættri líðan þeirra. Foreldrar skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þess og frammistöðu í skólanum.

Mikilvægt er að skólinn miðli með skýrum og aðgengilegum hætti upplýsinga til foreldra og heimila um skólastarfið s.s. skýrslur og áætlanir. Miðlun upplýsinga fer einkum fram með vikulegum upplýsingapóstum kennara til foreldra, í foreldraviðtölum, á sameiginlegum fundum með foreldrum, með upplýsingabréfum frá skólastjóra, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

## 12. Ýmsar áætlanir

Hér á eftir gefur að líta ýmsar áætlanir fyrir skólastarfið.

### 12.1 Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins

Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins egna grunnskólanema með fjölþættan vanda má sjá [hér](#).

### 12.2 Samstarf skóla við nærsamfélagið

Samstarf við leik- og framhaldsskóla er afar þýðingarmikið og brýnt að þar sé fylgt ákveðnu verkferli. Samstarfsáætlanir fela m.a. í sér aðferðir sem gefa tilkynna stöðu og fyrri reynslu barna þegar þau hefja grunnskólanám. Með því móti má ætla að samfella aukist í námi barna eins og kveðið er á um í aðalnámskrám beggja skólastiga.

#### 12.2.1 Samstarf við leikskóla

Verkferill

Að vori:

Fundur skólastjórnenda eða kennara. Þar sem eftirfarandi atriði eru til umræðu:

- Mat á samstarfi yfirstandandi skólaárs
- Samstarfsáætlun næsta skólaárs þar sem m.a. er greint frá samvinnuverkefnum.
- Afhending upplýsinga milli skólastiga
- Sérkennslumál
- Heimsókn barna úr leikskóla í grunnskóla (Vorskóli)
- Fundur með foreldrum leikskólabarna sem eru að hefja skólagöngu næsta haust.

Að hausti:

Fundur þar sem samstarfsáætlun er yfirfarin og endurskoðuð

- Gagnkvæmar heimsóknir kennara og barna skipulagðar

- Framkvæmd skiptiheimsókna

Vetur:

- Gagnkvæmar heimsóknir kennara
- Fyrstu heimsóknir barna í grunnskólann
- Ákveðið hvaða gögn eiga að fylgja börnum að vori í grunnskólann (stöðugt í endurskoðun).
- Gagnkvæmar heimsóknir barna.

#### 12.2.2 Samstarf við framhaldsskóla

Nemendum í 10. bekk er boðið að taka framhaldsskólaáfanga í stærðfræði í samvinnu við MH og verkgreinaáfanga í samstarfi við Tækniskóla atvinnulífsins. Nemendur fara í skólakynningar í framhaldsskóla og taka þátt í stærðfræðikeppni. Nemendur eru aðstoðaðir við að sækja um nám í framhaldsskóla eftir þörfum. Þá er sett fram tilfærsluáætlun um náms-, -starfs-, og félagslega stöðu nemenda sem stundað hafa nám eftir einstaklingsnámskrá í grunnskóla eða leikskóla (sjá nánar kafla 12.5).

#### 12.2.3 Samstarf við tónlistarskóla

Samstarf er við Skólahljósveit Vestur- og Miðbæjar og fer kennsla fram í Austurbæjarskóla á skólatíma.

#### 12.3.4 Samstarf við ýmsar stofnanir

Skipulegt samstarf hefur verið milli skóla, lögreglu, félagsmiðstöðvar og Þjónustumiðstöðvar Miðbæjar og Hlíða um málefni barna og unglinga í hverfinu. Þessi samráðsvettvangur heitir Samtaka.

#### 12.3.5 Grenndarsamstarf

Samstarf er við íþróttafélagið Val sem er hverfisfélagið, t.d. eru árlegir Valsleikar fyrir miðstig ásamt hinum hverfisskólunum. Samstarf er við önnur íþróttafélög eins og TBR. Um samstarf við kirkju og líffskoðunarfélög er farið að settum reglum. Rík hefð er fyrir góðu samstarfi við Listaháskóla Íslands. Þá er samstarf við Droplaugarstaði í mótun.

### 12.3 Móttökuáætlun nýrra nemenda

Þegar foreldrar hafa tekið ákvörðun um að sækja um skólavist í Austurbæjarskóla innritar foreldri hann í gegnum Rafræn Reykjavík. Ritari kemur upplýsingum til skólastjórnenda. Ef nemandi innritast eftir að skólastarf hefst að hausti og nemandinn hefur ekki stundað nám í Austurbæjarskóla áður boðar skólastjórnandi til fundar með nemandanum, foreldri, umsjónarkennara og öðrum þeim sem þurfa þykir.

#### 12.3.1 Undirbúningur viðtals

- skólastjórnandi velur hópa fyrir nemanda
- umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og hvenær móttökuvíðtal fer fram
- umsjónarkennari undirbýr nemendur fyrir komu nýs nemanda og tilkynnir jafnframt öðrum kennurum sem kenna honum að hann sé væntanlegur



- umsjónarkennari safnar saman þeim gögnum sem nota á í viðtalinu: Skólareglur, stundaskrá, upplýsingar um mötuneyti og nestismál

### 12.3.2 Móttökuviðtal

Móttökuviðtalið sitja foreldrar, nemandi, skólastjórnandi, umsjónarkennari og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji viðtalið

Fjallað er um:

- stundaskrá nemandans
- íþróttir og sund
- innkaupalistar útskýrðir
- skóladagatal
- símanúmer skólans
- heimasíða og netföng kynnt
- skólareglur og mætingaskylda
- mötuneyti og nestismál kynnt foreldrum
- frístundaheimilið Draumaland kynnt (ef nemandinn er á aldrinum 1.-4.bekk)
- ákveðið hvenær nemandinn byrjar í skólanum
- útskýrt hvert á að snúa sér ef nemandi líður illa í skólanum
- hlutverk foreldra hvað snertir heimanám
- samstarf heimilis og skóla
- Mentor kynntur fyrir foreldrum
- farin kynnisferð um skólann
- námsráðgjafi boðar nemandi til viðtals fljótlega eftir að nemandi hefur nám við skólann
- umsjónarkennari sér um að tilkynna um komu nemandans í skólann og koma nauðsynlegum upplýsingum um nemandann til allra þeirra sem koma að kennslu hans í skólanum.
- Umsjónarkennari sendir einnig línu heim til foreldra um að nýr nemandi sé kominn í bekkinn.

### 12.4 Móttökuáætlun nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku

Lögum samkvæmt eiga allir grunnskólar að hafa móttökuáætlun vegna nemenda sem eru með annað móðurmál en íslensku. Móttökuáætlun nemenda í 1. bekk, nemenda með annað mál, nemenda með sérþarfir og móttaka nýrra nemenda í skólann er að finna á heimasíðu skólans, [smellið hér](#). [Hér er tengill](#) á Fjölmenningsstefnu skóla-og frístundasviðs, Heimurinn er hér.

Þegar óskað er eftir skólavist fyrir erlendan nemandi er afhent innritunareyðublað sem foreldrar fylla út í skólanum eða heima. Ákveðinn tími fyrir móttökuviðtal þar sem foreldrar og nemandi/nemendur mæta ásamt túlki ef þörf krefur. Skólinn sér um að panta túlk. Reiknað er með 1 klst. í viðtalið.

Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram. Mælst til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki. Foreldrar beðnir að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar og einkunnir frá fyrri skóla í móttökuviðtalið.

#### 12.4.1 Bekkur valinn

- Skólastjórnandi velur bekk fyrir nemandi.
- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemandi, hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtal fer fram.

- Umsjónarkennari tilkynnir kennurum og öðru starfsfólki sem kemur að bekknum um væntanlegan nemanda.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda. Sendir línu heim til foreldra um að nýr nemandi hafi komið í bekkinn.

#### 12.4.2 Undirbúningur viðtals

- Nýbúakennari safnar saman þeim gögnum sem nota á í viðtalinu:
- Skóladagatal, skólareglur, innkaupalisti, upplýsingar um mat og drykk og gæslu ef um ungan nemanda er að ræða.
- Einstaklingsstundaskrá útbúin og ákveðið hvenær nemandinn er með almennum bekk og hvenær hann er í móttökudeild.

#### 12.4.3 Móttökuvíðtal

Viðtalið sitja foreldrar og nemandi/nemendur (ásamt túlki, ef þörf krefur), deildarstjóri móttökudeildar og umsjónarkennari. Í viðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: Fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, helstu styrkleika/veikleika nemandans og helstu áhugamál.

Eftirfarandi þættir útskýrðir:

- Stundaskrá bekkjar/nemanda. Farið yfir hverja kennslustund þannig að ljóst sé um hvaða námsgrein sé að ræða
- Hvenær nemandinn er í bekk og hvenær í móttökudeild.
- Reglur um íþróttir og sund útskýrðar. Staðsetning, fatnaður, reglur um sturtu og mætingar.
- Farið yfir innkaupalista. Hvað þarf að kaupa og hvað sér skólinn um að útvega.
- Farið yfir skóladagatal og alla sérmerкта daga.
- Símanúmer skólans, heimasíða og mentor útskýrð. Einnig viðtalstímar kennara.
- Farið yfir skólareglur og mætingaskýldu.
- Matur: Hvað er hægt að kaupa í skólanum og hvað má koma með í nesti. Verð á mat og fyrirkomulag greiðslu.
- Frístundastarf
- Ákveðið hvenær nemandi byrjar í skólanum.
- Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.
- Æskilegt er að heimsækja bekk nemandans og kynna hann fyrir bekknum.

Sjá einnig: [Handbók um móttöku innflytjenda](#) sem fengin er af heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

## 12.5 Tilfærsluáætlun

Tilfærsluáætlun er skrifleg greinargerð um náms-, starfs-, og félagslega stöðu nemenda sem stundað hafa nám eftir einstaklingsnámskrá í grunnskóla eða leikskóla. Markmiðið er að veita raunhæfar upplýsingar um nemandann milli skólastiga. Einnig er markmiðið að geta boðið nemandanum upp á nám við hæfi strax við upphaf skólagöngu. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum eru ákvæði um slíkar tilfærsluáætlanir þar sem áhersla er á að taka heildstætt á stöðu til nemandans m.a. með það að markmiði að tryggja viðeigandi menntun í framhaldsskóla, stuðla að virkri þátttöku í samfélaginu og síðar í atvinnulífinu.

Áætlunin er unnin í samstarfi milli nemandans, forráðamanna, sérkennara og námsráðgjafa. Námsráðgjafi ber ábyrgð á að tilfærsluáætlun sé unnin. Fyllt er út eyðublað með

bakgrunnsupplýsingum um nemandann þar sem fram koma auk almennra upplýsinga ýmislegt um kunnáttu hans, leikni, áhugasvið, námsaðferðir sem henta honum best og hjálpartæki (ef það á við), vonir og væntingar hans til framtíðar, lestrarfærni svo eitthvað sé nefnt. Þá er greint frá þeim stuðningi sem nemandinn hefur notið í grunnskóla til þessa. Félagslegri færni og hvort nemandinn taki lyf. Loks ritar sérkennari eða námsráðgjafi stutta lýsingu á viðkomandi nemenda með tilliti til náms,-starfs- og félagslegra þátta.

## 12.6 Áætlun gegn einelti

Forvarnir gegn einelti - samvinna heimilis og skóla sjá einnig á heimasíðu undir skólanámskrá ýmsar áætlanir. Skólinn er þátttakandi í Olweusáætluninni gegn einelti. Í þeirri áætlun felst virk samvinna heimilis og skóla í forvörnum gegn einelti og viðbrögðum við einelti ef það kemur upp. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að láta umsjónarkennara strax vita, ef grunur vaknar um einelti. Umsjónarkennara ber að rannsaka málið strax í samvinnu við eineltisteymi.

### 12.6.1 Foreldrabæklingur

Í tengslum við Olweus-verkefnið er gefin út [handbók fyrir foreldra](#) þar sem er að finna upplýsingar um einelti, birtingarform þess og hvernig bregðast skuli við því. Bæklingurinn er afhentur foreldrum á haustfundum og liggur frammi á skrifstofu skólans.

Meðferð eineltismála

Þegar vitneskja berst um að nemendur séu lagðir í einelti í skólanum fer ákveðið ferli af stað. Þessi vitneskja getur komið frá starfsfólki skólans, nemendum eða foreldrum:

- Umsjónarkennari fær vitneskju um og greinir vandann í samvinnu við eineltisteymi. Leitað skal eftir upplýsingum sem víðast svo sem hjá öðrum nemendum, starfsfólki og kennurum. Rætt er við (oft með aðstoð námsráðgjafa) viðkomandi nemanda/nemendur og leitað eftir upplýsingum hjá foreldrum.
- Ef umsjónarkennari, eftir slíka athugun og í samráði við t.d. eineltisteymi, metur það svo, að um einelti sé að ræða skal foreldrum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli gerð grein fyrir því. Gildir það jafnt um gerendur og þolendur.
- Innan skólans fer síðan af stað markviss vinna skv. aðferðafræði Olweusar. Hún felst m.a. í alvarlegum viðtölum við gerendur þar sem þeim er gerð skýr grein fyrir alvöru málsins, viðbrögðum skólans og þeim afleiðingum sem áframhaldandi háttarlag mun hafa. Þolendum skal tryggt öryggi eftir því sem kostur er og í samvinnu við foreldra þeirra skapað öryggisnet sem hindrar að eineltið haldi áfram. Það felst m.a. í því að starfsfólk og kennarar sem að bekknum koma eru beðin um að fylgjast með samskiptum viðkomandi nemenda. Einnig gefst þolanda kostur á reglulegum viðtölum við námsráðgjafa og gerandi er í vikulegum viðtölum við fulltrúa úr eineltisteymi sem fer yfir samskipti vikunnar uns eineltið hættir.

### 12.6.2 Einelti upprætt

Viðbrögð við einelti af hvaða toga sem er, misalvarlegu eftir atvikum, ættu alltaf:

- Að vera skýr, einlæg og nákvæm, laus við niðurlægingu, kaldhæðni, árásir, hótanir eða þvinganir.
- Að birtast tafarlaust og vera fylgt eftir til lengri tíma, t.d. með endurteknum viðtölum.

- Að fela í sér skráningu á atburðum, þátttakendum og viðbrögðum
- Að fela í sér samvinnu við foreldra strax á fyrstu stigum íhlutunar; upplýsingar um aðgerðir berist þeim jafnóðum.
- Að veita nemendum tækifæri til að ræða sín á milli mögulegar lausnir og efla vitund þeirra um ábyrgð sína.

Ætíð er unnið samkvæmt Olweuskerfinu við meðferð eineltismála.

## 12.7 Mannréttindaáætlun

Austurbæjarskóli starfar í anda Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar en þar segir: "Mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands, sem og fjölmörgum mannréttinasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kvenna og karla. Með því að vinna eftir samræmdri mannréttindastefnu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til" (Reykjavíkurborg, 2014). Jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun jafnréttisáætlunar grundvallast á þessu.

## 12.8. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Austurbæjarskóla tók gildi í ágúst 2016 og er endurskoðuð árlega. Samhliða áætluninni er gerð aðgerðaráætlun árlega.

Orðið jafnrétti hefur yfir sér blæ réttlætis þar sem allir sitja við sama borð. Fyrir rúmum áratugi síðan var íslenska þjóðin tiltölulega einsleit en nú stendur íslenskt skólafólk frammi fyrir nýjum áskorunum sem felast í því að vinna með börnum frá ólíkum löndum sem tala ólík tungumál og koma með ólíkan menningarlegan bakgrunn og gildi inn í skólasamfélagið. Við vitum að það eitt að hafa fjölda nemenda af erlendum uppruna gerir skólann okkar ekki fjölmennningarlegan. Það er heldur ekki mælikvarði á hve fjölmennningarlegur skóli er hvort hann heldur árlega fjölmennningarlega hátíð þar sem dregnir eru fram fánar og bornir eru fram réttir frá ýmsum löndum. Fjölmennningarlegur skóli vinnur út frá fjölmennningarlegum áherslum, þær eru sýnilegar í skólastarfinu og í skólanum sjálfum. Í slíkum skólum er unnið með viðhorf og lífsgildi út frá fjölbreytileika samfélagsins og lögð áhersla á að rækta samkennd með nemendum. Gagnkvæmur skilningur, virðing og umburðarlyndi fyrir menningarlegum bakgrunni, aðstæðum og fjölskylduhögum þarf að vera ríkjandi. Í Austurbæjarskóla er litið svo á að fjölbreytni nemendahópsins feli í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið og með fjölbreytninni skapist tækifæri sem mikilvægt er að nýta. Þar sem skólastarfið á að styrkja alla nemendur í að rækta hæfileika sína, óháð staðalmyndum og andlegu- eða líkamlegu atgervi. Það á að vera markmið allra sem vinna með börnum og unglingum í Austurbæjarskóla að auka jafnréttisvitund þeirra og festa jafnrétti sem eitt af grunnildum lífsins. Þannig er hægt að breyta skoðunum, hegðun og væntingum til frambúðar.

Starfsmenn skólans eru fyrirmyndir í lífi nemenda og þess vegna verður skólabragurinn að endurspeglar jafnrétti í samskiptum, kennsluháttum, námsefni, námsmati o.fl. Í daglegu skólastarfi er margt sem hver og einn starfsmaður þarf að athuga, bregðast við og endurmeta hugmyndir sínar og gildismat. Sem dæmi má nefna; Tölum við á sama hátt til kynjanna? Fá kynin jafna athygli frá kennurum eða öðru starfsfólki? Er munur á aðgengi að stuðningi eftir kyni? Skiptir upprunaland, kynþáttur eða trú nemenda máli? Er tryggt að kynhneigð eða kynvitund nemanda valdi á engan hátt mismunun eða vanlíðan viðkomandi í skólanum? Til að tryggja að hver einstaklingur, hvort sem það er starfsmaður eða nemandi, líti á sig sem hluta af skólasamfélaginu og geti tekið fullan þátt í skólastarfinu, verður að meta alla einstaklinga á eigin forsendum. Kennarar skólans eiga að vinna með nemendum í anda siðarreglna kennara en þar kemur fram að; „Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum, t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða“. Því skal engum í Austurbæjarskóla vera mismunað vegna uppruna, trúar, þjóðernis, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, skoðana sinna né líkamlegrar- eða andlegrar fötlun.

Jafnrétti er ein af grunnstoðum nýrrar aðalnámskrár grunnskólanna og á því að vera samofið öllu skólastarfi. Heilbrigði og velferð er einnig ein af grunnstoðum nýrrar aðalnámskrár og því augljóst að hver sem starfar innan Austurbæjarskóla þarf að upplifa jafnrétti jafnt í leik sem starfi. Þessir þættir eru nátengdir, þeir skarast þegar kemur að vellíðan viðkomandi og upplifun hans á eigin heilbrigði. Á grundvelli jafnréttis ber skólastjórnendum og öllu starfsfólki skylda til þess að tryggja öllum nemendum jafna möguleika til náms og þátttöku í skólastarfi. Allt starfsfólk á einnig að búa við jöfn tækifæri til starfa, ábyrgðar, launa, starfsþjálfunar og tækifæra til að samræma fjölskyldulíf og starf.

#### 12.8.1 Sá grunnur sem byggt er á

Jafnréttisáætlun Austurbæjarskóla er hluti af skólanámskrá skólans og byggir á lögum um grunnskóla, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, Aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.

Í jafnréttislögum kemur fram að öllum fyrirtækum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn beri að setja sér jafnréttisáætlun. Tilgangurinn með lögnum er fyrst og fremst sá að tryggja að hæfileikar og færni allra fái notið sín.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 er ítrekað komið inn á jafnrétti og rétt nemenda til að starfa í grunnskóla sem tekur jafnréttismál föstum tókum. Sem dæmi má nefna að í 2. grein stendur: *Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.* Einnig stendur í 24. grein: *Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.*

Einnig byggir jafnréttisáætlun Austurbæjarskóla á Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum og Mannréttindastefnu borgarinnar. Í kaflanum um Reykjavík sem miðstöð þjónustu er sérstaklega tekið fram að allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð borgarinnar og stofnana hennar verði að hafa að leiðarljósi jafna stöðu kynjanna. Það beri að veita börnum og unglingum hvatningu og tækifæri til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án þess að hefðbundnar kynjaímyndir hafi þar áhrif. Skólastjórnendur eiga að leitast við að styrkja jákvæða kynímynd stelpna og stráka og vinna sérstaklega gegn áhrifum klámvæðingar meðal unglinga. Við úthlutun styrkja hjá Reykjavíkurborg á að hafa hugfast að þau félög / hópar sem hljóta styrki sýni svo óyggjandi sé að jafnréttissjónarmið séu virt í öllu starfi styrkþega. Til að ná settum markmiðum hefur borgin sett á laggirnar Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

### 12.8.2 Að ná settu marki

Til þess að áætlunin þjóni tilgangi sínum þarf að setja árlega fram aðgerðaráætlun sem gefur yfirlit yfir viðfangsefni skólaársins út frá nemendum, starfsfólki og foreldrum. Í aðgerðaráætluninni er getið um markmið, leiðir, ábyrgðaraðila og tímasetningu. Aðgerðaráætlun Austurbæjarskóla fyrir komandi skólaár má finna sem viðauka 1 aftast í þessari áætlun.

Aðeins með markvissum vinnubrögðum og innngripi er hægt að ná árangri. Í reglulegu innra mati á skólastarfi, árlegum starfsmannasamtölum og könnunum meðal starfsmanna, nemenda og foreldra, er unnt að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum. Ef í ljós kemur að halli á jafnrétti þarf að grípa inn í og finna leiðir til að rétta hlut þess sem höllum fæti stendur.

Þrjár yfir skólaárið er Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur en hann mælir líðan og viðhorf nemenda til náms. Allar niðurstöður eru kynsundurgreindar og því aðgengilegt að sjá kynjamun í svörum nemenda. Niðurstöðurnar eru kynntar starfsfólki skólans, skólaráði, og á fundum með foreldrum. Ef veruleg, varanleg frávík koma fram er brugðist við með aðgerðum innan skólans og í samstarfi við foreldra.

### 12.8.3 Nemendur Austurbæjarskóla – leiðir að auknu jafnrétti

Eins og áður hefur komið fram er jafnrétti ein af grunnstoðum nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Í sérstöku fræðslu- og upplýsingarit um grunnstoðina er ítarlega fjallað um gildi jafnréttis í skólum og þar er að finna markmið og leiðir sem hægt er að nýta í daglegu skólastarfi. Í sambærilegu riti um heilbrigði og velferð er á sama hátt tekið á tengingu jafnréttis og heilbrigðis. Í námskrám námssviða að finna sérstakar áherslur á jafnrétti og jafnréttisfræðslu.

Sérstök ábyrgð er lögð á herðar skólastjórnenda. Þeir eiga að leggja áherslu á að allt skólastarf miði að því að undirbúa alla nemendur fyrir einkalíf, fjölskyldulíf, félags- og atvinnulíf. Í opinberri stefnumörkun kemur m.a. fram að áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda. Að námsefni mismuni ekki nemendum og í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að vinna gegn staðalmyndum. Þá þarf einnig að tryggja fjölbreytt framboð á valáföngum sem höfðar til beggja kynja og mismunandi áhuga og færni nemenda. Að öllu jöfnu skal leitast við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust í bekkjum eða námshópum.

Það gefur augaleið að í Austurbæjarskóla þar sem stór hluti nemenda er af erlendum uppruna og býr við annað móðurmál á heimili er afar brýnt að standa vörð um uppruna, trú, ólíkar skoðanir og mismunandi menningarheima og siði. Einnig að kynhneigð eða kynvitund leiði aldrei til mismununar, neikvæðra samskipta eða vanlíðunar í skólanum.

Ef í ljós kemur t.d. verulegur munur á einkunum nemenda eftir kyni eða uppruna er mikilvægt að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða nemenda verði sem jöfnust. Hér gæti t.d. komið til að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa eða auka tímabundið við stuðning.

Eitt af því sem styrkir jákvæða sjálfsmynd barna og unglinga og getur dregið úr kvíða er að vera í skipulögðu uppbyggjandi félagsstarfi. Það eykur félagsfærni og tilfinningalæsi að vera hluti af hópi og taka virkan þátt í æskulýðs- og tómsundastarfi. Skólinn þarf að leggja sitt lóð á vogarskálina til að kynna foreldrum og nemendum fjölbreytt tómsundastarf, Frístundakortið og gildi þess að hafa eitthvað uppbyggilegt fyrir stafni eftir að skóladegi lýkur.

Í náms- og starfsfræðslu hjá námsráðgjafa er unnið markvisst gegn söðluðum hugmyndum kynjanna í náms- og starfsvali. Þá byggir náms- og starfsfræðsla á almennri kynningu á framhaldsskólakerfinu, ólíkum framhaldsskólum, námsleiðum og íslenskum vinnumarkaði.

Stærsti hluti þess námsefnis sem kennt er í Austurbæjarskóla kemur frá Námsmatsstofnun en þeir viðhafa þá vinnureglu að námsefni sé samið út frá gátlista sem m.a. tryggir jafnrétti. Það breytir því þó ekki að hver og einn kennari verður að skoða það námsefni og kennslugögn sem nemendur vinna með, þær áherslur sem kennari leggur í daglegu samneyti við nemendur og það gildismat sem ríkir í skólanum / nemendahópnum. Sérstaklega er nauðsynlegt að vinna með "jafnréttisglæraugun" á nefinu í öllum námsgreinum og vinna meðvitað gegn ríkjandi kynímyndum. Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum og fanga þannig sem best ólíkan áhuga og getu nemenda til náms. Með aukinni fjölbreytni er líklegast að skólinn nái að komast sem best til móts við fjölbreyttan hóp nemenda af báðum kynjum.

Við val á fulltrúum skólans í nemendaráð og skólaráð skólans skal þess gætt að valið endurspegli fjölbreyttan hóp nemenda. Einnig við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd eða þegar skólinn þarf að tilnefna nemanda eða nemendur sem hljóta eiga viðurkenningar. Þegar um kosningar er að ræða þarf að horfa til þess að kjósa fulltrúa beggja kynja. Að hausti, í aðdraganda kosninga í nemendaráð, er unnið með hugtakið lýðræði, jafnrétti og mikilvægi þess að velja þann hæfasta. Nemendur bjóða sig fram og kynna sig og hvað þeir standa fyrir áður en gengið er til kosninga.

Með jöfnu millibili þarf sérstaklega að skoða alla þá stoðþjónustu sem skólinn veitir. Hér er átt við t.d. aðstoð í námsveri skólans, aðstoð náms- og starfsráðgjafa, sér- og stuðningskennslu, einstaklingsnámskrár, sálfræðiaðstoð, aðstoð hjúkrunarfræðings og ýmis önnur náms- og félagsleg úrræði sem skólinn býður upp á eða stendur að í samvinnu við aðra aðila. Kemur hér fram munur eftir t.d. kyni eða uppruna nemenda? Á vettvangi nemendaverndarráðs er auðvelt að skoða þessa þætti sérstaklega og ef á þarf að halda leggja til leiðir að úrbótum.

Það þarf að gera nemendum ljóst að kynferðisleg áreitni eða ofbeldi verði aldrei liðin í skólanum. Að sama skapi verður ekki liðið að nemendur upplifi kynbundið áreiti eða ofbeldi. Um meðferð slíkra mála vísast til eineltis og áfallaáætlunar. Nemendaverndarráð, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og / eða náms- og starfsráðgjafi eiga að taka að sér þessa fræðslu og vinnu með nemendum. Það þarf að gera nemendum grein fyrir því að áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði. Nemendur eiga hvorki að sætta sig við áreitni eða ofbeldi af hendi samnemenda né starfsmanna skólans. Hér þarf að vera vakandi fyrir samskiptaleiðum í gegnum tölvur og síma sem oftast eru ekki eru einnig myndavélar og upptökutæki. Nauðsynlegt er að halda uppi virkri samvinnu við þá aðila sem veita stoðþjónustu s.s. þjónustumiðstöð, Barnavernd Reykjavíkur, Barnahús og lögreglu. Þannig er best hægt að tryggja velferð nemenda. Ef upp kemur grunur eða víska um að nemandi hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í skólanum eða utan hans skal samstundis haft samband við fagaðila og foreldra ef þeir tengjast á engan hátt meintu ofbeldi. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust og samvinna ríki við heimili nemenda og aðila grenndarsamfélagsins.

## 21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.“ Karlar og konur sem starfa í Austurbæjarskóla eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Kynin eiga að búa við sömu möguleika á stöðuhækkunum og stöðubreytingum. Þarf því símenntun og endurmenntun starfsmanna að standa báðum kynjum jafnt til boða. Á sama hátt verða bæði kynin að fá sambærilegt svigrúm til að tengja saman fjölskyldulíf og starf t.d. má nefna fundartíma, skipulag námskeiða o.fl. Á almennum vinnumarkaði er mikið lagt upp úr því að vinnutími starfsmanna sé sveigjanlegur og það talið til kosta ef unnt er að vinna hluta starfsins heima. Má þar nefna undirbúning fyrir kennslustundir sem fellur utan bundinnar viðveru kennara. Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Við mannráðningar gilda almennar reglur og viðmið sem fram koma í lögum um jafnrétti og jafna stöðu kynjanna. Skoða þarf orðalag starfsauglýsinga og passa að það sé fullkomlega í anda jafnréttislaga. Að öllu jöfnu skal starf sem auglýst er laust til umsóknar stand til boða jafnt konum sem körlum. Það er óheimilt að auglýsa starf þar sem fram kemur að atvinnurekandi óski frekar eftir öðru kyninu en hinu. Til er undantekning frá þessu ákvæði. Ef úttekt á kynjahlutfalli starfsfólks leiðir í ljós að á annað kynið hallar ætti atvinnurekandi að setja stefnu um að stuðla að jafnari kynskiptingu meðal starfsmanna / starfshópa. Getur hann auglýst sérstaklega og hvatt annað kynið til að sækja um viðkomandi starf. Hægt er að leita margra leiða til að hafa áhrif á það hverjir sækja um störf. Það er til dæmis hægt að skoða hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda, hvernig starfsauglýsingar eru orðaðar og hvar er auglýst eftir starfsfólki. Einnig er til undantekning ef nauðsynlegt er að ráða annað kynið vegna hlutlægra þátta sem tengjast starfinu s.s. baðverðir í íþróttahúsi. Ef jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýst starf ber að ráða það kynið sem hallar á. Þeir hópar innan skólans sem þarf að skoða eru; skólastjórnendur, deildastjórar, teymisstjórar, umsjónarkennarar, sérgreinakennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar.

Þegar kennurum / starfsmönnum er skipt í vinnuhópa skal hafa að leiðarljósi að samsetning hópa endurspegli kynskiptingu starfsmanna nema að markmiðið sé að kalla fram skoðanir eftir kynjum. Einnig þarf að hafa þessa skiptingu í huga þegar kosið eða valið er í embætti á vegum skólans. Það þarf að gera reglulega viðhorfskannanir og greina niðurstöður eftir kynjum. Hér er hægt að nýta sér starfsmannasamtöl og ýmsar kannanir sem tengjast innra mati sem verið er að vinna með í skólanum. Það sem þarf að skoða sérstaklega er; almenn kjör, starfsframi, viðhorf til starfsins, vinnuálag, sveigjanleiki í starfi, aðgengi að stjórnendum, ábyrgð í starfi, aðgengi að aðstoð eða handleiðslu og aðbúnaður og vinnuvernd.

## 22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemandur og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“ Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynbundið áreitni og ofbeldi ásamt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi er ekki liðið í



Austurbæjarskóla. En með kynferðislegri áreitni er átt við kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og / eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og ef henni er haldið áfram, þrátt fyrir að fyrir liggja að hegðunin sé í óþökk þolanda. Með kynbundnu ofbeldi eða áreiti er átt við hvers konar hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir því verður og er gert í óþökk viðkomandi. Starfsfólk skólans kemst ekki upp með að nota kynferðislegar tilvísanir í orðum eða athöfnum. Stjórnendur verða að tryggja að starfsmenn upplifi ekki áreiti eða ofbeldi af neinu tagi og það er hlutverk þeirra að senda út skýr skilaboð um að slík hegðun verði alls ekki liðin og strax á henni tekið. Ef mál sem þessi koma upp í skólanum þarf að setja meðferð þeirra í ákv. farveg eins og við einelti og fá aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga. Kynferðisleg eða kynbundin áreitni getur ýmist verið á milli starfsmanna, frá starfsmanni að nemanda eða öfugt.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

„Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.“ Í viðbragðsáætlun er skýrt hvert skal leita með mál sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Einnig ef yfirmaður eða kennari á í hlut.

#### *12.8.5 Foreldrar barna í Austurbæjarskóla – leiðir að auknu jafnrétti*

Um leið og barn er innritað í Austurbæjarskóla verða foreldrar þess svo kallaðir skólaforeldrar. Eins og allir vita fylgir því ábyrgð að vera skólaforeldri. Allt skólasamfélagið ber ábyrgð á að bjóða nýja skólaforeldra velkomna, tryggja virkni í starfi foreldra og skóla og horfa sérstaklega til foreldra af erlendum uppruna. Til þess að samstarf foreldra og skóla verði sem best og hafi jákvæð áhrif á námsframvindu og líðan nemenda þarf að kappkosta að virkja foreldra í skólastarfinu, til þátttöku í skipulögðu starfi á vegum foreldrafélags eða á vettvangi bekkja eða árganga.

Eitt af markmiðum skólans er að stuðla að jafnri ábyrgð beggja foreldra. Þegar bréf eða tilkynningar eru senda frá skólanum í tölvupósti þarf að senda þær á þá foreldra sem skráðir eru í Mentor. Ef hringja þarf í foreldra þarf að hringja jöfnum höndum í mæður og feður, þó svo að kerfið skrái móður sem fyrsta aðstandenda.

Í Austurbæjarskóla hefur verið útbúin til samstarfsáætlun skólans og skólaforeldra. Í henni er m.a. talin upp ýmis verkefni sem tengjast skólanum í heild, árgöngum, bekkjum eða einstaka nemendum. Foreldrafélagið er sameiginlegur vettvangur allra foreldra og í starfi þess á eðlilega að gæta jafnréttis s.s. við val á fulltrúum foreldra í skólaráð, við val á bekkjarfulltrúum, í stjórn félagsins og annað starf á vegum félagsins.

Í Austurbæjarskóla gildir sú regla að þjónustu túlka, hvort heldur sem er hefðbundin túlkun eða símatúlkun er aldrei spöruð og ævinlega boðin fram þegar foreldrar eru boðaðir á fundi í skólanum. Einnig eiga umsjónarkennarar og aðrir sem koma að samstarfi heimilis og skóla að þekkja og nýta sér ýmis tilbúin tilkynninga- og upplýsingablöð sem eru aðgengileg á ýmsum tungumálum.

#### *12.8.6 Menntun og skólastarf*

23. gr. Menntun og skólastarf.

„Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómsundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu,

svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf“. Í aðgerðaráætlun er leitast við að uppfylla ákvæði 23. greinar laga.

#### 12.8.7 Að lokum

Jafnréttisáætlun Austurbæjarskóla þarf að kynna árlega fyrir starfsfólki á starfsmannafundi, bæði þann hluta sem snýr að starfsmönnum og nemendum. Á grundvelli þeirra markmiða sem sett eru fram í áætluninni þarf að skipuleggja allt skólastarf og verða kennarar að flétta hugmyndafræði áherslum hennar inn í vinnu með nemendum. Nemendur og foreldrar eiga að vita að í skólanum er virk jafnréttisáætlun og hana þarf að kynna á t.d. haustfundum. Eins og annað er snýr að skólanámskrá á að leggja hana fram á fundi með skólaráði en hún á einnig að vera aðgengileg á heimasíðu skólans. Aðgerðaáætlun jafnréttisáætlunarinnar er uppfærð árlega en ætlunina í heild sinni skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans. Hins vegar getur hann falið kennurum / starfsmönnum að uppfæra hana, kynna og fylgja henni eftir. Það er hægt að skilgreina vinnu við áætlunina sem ákv. hlutfall af starfi deildarstjóra, sem hluta af faglegu starfi kennara eða sem hluta af vinnu kennara sem nýta sér kennsluafslátt. Hver og einn starfsmaður Austurbæjarskóla ber ábyrgð á að framfylgja jafnréttisáætluninni í einu og öllu í störfum sínum. Mikilvægt er að verkefnum jafnréttisáætlunarinnar sé fylgt eftir. Fara skal yfir niðurstöður allra verkefnanna árlega með stjórnendum. Einnig er gagnlegt að kynna fyrir kennurum og öðru starfsfólki hvað gekk vel og hvað má betur fara. Ef slíkar leiðir eru farnar verður áætlunin að lifandi plaggi sem talað er um og líklegra er að hún skili raunverulegum árangri.

#### 12.8.8 Jafnrétti - Aðgerðaráætlun Austurbæjarskóla skólaárið 2019-20

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<b>Nemendur</b>			
Að tryggja að fulltrúar nemenda í skólaráði og nemendaráði séu af sitthvoru kyni og/eða fulltrúar ólíkra etniskra hópa.	Stjórnendateymi skólans verði meðvitað um þetta markmið við næsta val á nemendum.	Skólastjóri	Nemendaráð: Haust 2019 Skólaráð: Vor 2020 þegar val fulltrúa fer fram.
Að nemendur vinni með nýjar upplýsingar og nýtt námsefni sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti.	Jafnt og þétt yfir skólaárið fái kennarar upplýsingar um nýtt námsefni, fundi, ráðstefnur eða annað efni sem nýta má í skólastarfi.	Náms- og starfsráðgjafi	Allt skólaárið.
Að nemendum standi til boða matur í mötuneyti sem stríðir ekki gegn lífs- og trúarskoðunum þeirra.	Yfirmaður í skólaeldhúsi fær upplýsingar um þessa nemendur og tryggir að nemendum standi annað sambærilegt til boða.	Ábyrgð foreldra er að tilkynna. Ritari skólans miðlar upplýsingunum til yfirmanns skólaeldhúss.	Allt skólaárið.
Að fyrir liggi upplýsingar um hvort verið sé að veita stelpum og strákuum jafna aðstoð og ráðgjöf	Verkefnastjóri sérkennslu og námsráðgjafi fara yfir námsárangur nemenda og greina sundur eftir kyni. Ber niðurstöður síðan	Aðstoðarskólastjóri og náms- og starfsráðgjafi	Í janúar. Oftar ef þurfa þykir.

sem byggir á námslegri getu.	saman við þann hóp sem fær sérstakan stuðning eða sérkennslu á vegum skólans .		
Að tryggja að þjálfun og námskeið sem miða að því að auka þroska s.s. félagsfærni og draga úr reiði og eða kvíða standi báðum kynjum jafnt til boða.	Náms- og starfsráðgjafi og þroskaþjálfari fara reglulega yfir upplýsingar og ábendingar frá kennurum og öðru starfsfólki skólans.	Náms- og starfsráðgjafi og þroskaþjálfari.	Allt skólaárið.
Að tryggja að nemendur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum	Unnið er með eineltismál mál eftir ákveðnu ferli (Olweusaráætlun).  Fræðsla og vitundarvakning  Unnið eftir verkferlum skóla-og frístundasviðs.  Öryggismyndavélar	Skólastjóri	Allt skólaárið
Að tryggja að nemendur á öllum skólastigum fái fræðslu um jafnréttismál sem býr bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.  Að tryggja að piltar og stúlkur óháð kyni hljóti fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og er samtvinnnaður í öllu námi nemandans.  Í náms-og starfsfræðslu hjá námsráðgjafa er unnið markvisst gegn stöðluðum hugmyndum kynjanna í náms- og starfsvali. Þá byggir náms- og starfsfræðsla á almennri kynningu á framhaldsskólakerfinu, ólíkum framhaldsskólum, námsleiðum og íslenskum vinnumarkaði.	Kennarar  Námsráðgjafi	Allt skólaárið
Að tryggja að kennslu-og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.	Námsefni sem notað er í skólanum er að langmestu leiti samið út frá gátlistum sem tryggja m.a. jafnrétti. Annað námsefni rýna kennarar sérstaklega.	Kennarar	Allt skólaárið
<b>Starfsmenn</b>			
Að endurtaka og ítreka kynningu á jafnrétti sem grunnstoð skólastarfs,	Á almennum starfsmannafundi verði sérstök kynning og umfjöllun um jafnrétti í	Skólastjóri	Að hausti.

jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun.	skólastarfi, áherslur skólans og aðgerðir.		
„Tölum fallega við hvort annað, við nemendur, foreldra og um skólann okkar“. Að öll orðræða og viðmót starfsfólks skólans endurspegli virðingu fyrir fjölbreyttum nemendahóp, foreldrum og fjölskyldum.	Í upphafi skólaárs, þegar farið er yfir aðgerðaráætlunina er þetta markmið gert að sérstöku umfjöllunarefni. Hver og einn starfsmaður skoðar viðhorf sín og framkomu.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.
Að jafna kynjahlutföll í hópi starfsfólks.	Ef val stendur á milli jafnhæfra einstaklinga af sitt hvoru kyni ber að ráða þann af því kyni sem hallar á. Þetta gildir þó ekki um baðvörslu stúlkna og drengja.	Skólastjóri	Allt árið.
Að laus störf innan skólans standi orðin bæði körlum og konum.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum  Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar	Starfsmannahald og skólastjóri	Lokið í febrúar hvert ár  Lokið í febrúar ár hvert
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum	Í starfsauglýsingum er það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum sérstaklega hvatt til að sækja um.		Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.
Að tryggja að á vinnustaðnum sé unnið samkvæmt starfsmannastefnu sem kveður á um launajafnrétti, að ráðið sé í störf óháð kyni (undantekið baðvarsla), allir njóti starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar.  Að starfsmenn fái samræmt fjölskyldu- og atvinnulíf og að einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ófбели sé ekki liðið.	Unnið er eftir starfsmannastefnu og leiðarljósi starfsmanna Austurbæjarskóla í samskiptum sem byggir á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.  Árlega er sett fram sameiginleg símenntunaráætlun fyrir skólann auk þess sem starfsmaður gerir grein fyrir óskum sínum um símenntun í árlegu starfsþróunarsamtali. Starfsmaður ræður sjálfur símenntun sinni að hluta.  Starfsþjálfun fer fram eftir þörfum.  Farið er að lögum, kjarasamningar virtir og unnið er samkvæmt verkferlum opinberrar stjórnsýslu.	Skólastjóri	Allt skólaárið  Ágúst árlega  Þegar starfsmenn hefja störf  Alltaf  Maí annað hvert ár

	<p>Reglulega er kannað hvort um kynbundin launamun sé að ræða.</p> <p>Viðmið um viðveru starfsmanns eru rædd og sett fram árlega.</p> <p>Komi upp einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi er brugðist við því tafarlaust skv. verkferli skólans. Forvarnar- og aðgerðaráætlun kynnt starfsmönnum tvisvar á ári hið minnsta</p>		<p>Mái</p> <p>Janúar og ágúst</p>
Að tryggja að starfsþjálfun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum.	<p>Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og starfsþjálfun.</p> <p>Leiðrétta ef fram kemur óútskýranlegur munur á sókn kvenna og karla í starfsþjálfun og endurmenntun.</p>	Skólastjóri / skóla- og frístundasvið	Lokið í apríl ár hvert.
Að stjórnunar- og ábyrðar störf standi báðum kynjum til boða í sömu hlutföllum og kynjaskipting starfsmannahópsins segir til um.	Skal þess gætt þegar valið/kosið er í stjórnunar- og ábyrgðarstörf	Skólastjóri – stjórnendateymi.	Allt skólaárið.
<p>Að vera fjölskylduvænn vinnustaður.</p> <p>Að koma á kerfi sveigjanlegs og fyrirsjáanlegs vinnutíma.</p> <p>Að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingingarorlof og veikindi barna.</p>	Kynna kerfi sveigjanlegs vinnutíma, stefnu fyrirtækisins hvað varðar samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, réttindi verðandi foreldra og réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.	Skólastjóri	Kynning í ágúst ár hvert.
<p>Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum</p> <p>Viðbragsáætlun sem tekur mið af kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til fyrir vinnustaðinn og í skólanum.</p>	<p>Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni fyrir starfsfólk og nemendur.</p> <p>Vinna viðbragðsáætlun sem inniheldur verklagsreglur og tekur til forvarna.</p>	Skólastóri.	<p>Ágúst ár hvert</p> <p>Lokið í sept. ár hvert</p>

Viðbragðsáætlunin skal byggja á reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.	Viðbragðsáætlun kynnt starfsmönnum og nemendum.		Lokið í sept. ár hvert.
<b>Foreldrar</b>			
Að kynna fyrir foreldrum strax að hausti jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun fyrir skólaárið.	Jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun vetrarins er kynnt á haustfundi með foreldrum og birt í heild sinni á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur sér til þess að áætlun sé birt á heimasíðu. Umjónarkennarar sjá um kynningu áætlunarinnar á haustfundi.	Að hausti.
Að foreldrum standi ávallt til boða að hafa tülk á þeim fundum sem skólinn boðar til.	Umsjónarkennurum skulu leita upplýsinga um hvort fjölskylda óski eftir þjónustu túlks. Er upplýsingunum safnað á sérstakt skjal sem uppfært er að hausti og oftast ef þurfa þykir. Skulu kennarar skila skjalinu til ritara.	Umsjónarkennarar.  Ritari tekur við upplýsingum sem snýr að þörfum foreldra fyrir túlkþjónustu.	Allt skólaárið.
Að tryggja sem jafnasta aðkomu beggja foreldra að skólastarfi t.d. á formlega fundi í skólanum eða þegar foreldrar fá sendan hóppóst. Ef hringja þarf heim og ná í foreldri þarf að hafa hugfast að hringja jöfnum höndum í feður og mæður. Einnig senda tilfallandi tölvupósta varðandi nemanda á báða foreldra.	Allir starfsfólk skólans sem þarf starfs síns vegna að hafa samband við foreldra nemenda verður að hafa þetta markmið hugfast.	Skólastjórnendur, teymisstjórar og ritari.	Allt skólaárið.
<b>Menntun og skólastarf</b>			
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.  Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.	Stjórnendur og kennarar sækja námskeið í sambættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða.  Jafnréttisfræðsla verði sambætt inn í allar námsgreinar á öllum skólastigum.  Í ársskýrslum geri kennarar grein fyrir hvernig	Skólastjóri/jafnréttisnefnd	Lokið skólaárið 2019-20

<p>Kennslu- og námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.</p> <p>Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.</p>	<p>Þeir stóðu að jafnréttisfræðslu.</p> <p>Námsefni hvers stigs yfirfarið m.t.t. jafnréttis.</p> <p>Unnin verði heildstæð náms- og starfsráðgjafar áætlun með áherslu á jafnrétti.</p>	<p>Kennarar hvers árgangs</p> <p>Námsráðgjafi</p>	
<b>Eftirfylgni</b>			
<p>Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum árangri.</p> <p>Að jafnréttisáætlun sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun</p>	<p>Viðhorfskönnun meðal kennara og annars starfsfólks með tilliti til verkefna áætlunarinnar.</p> <p>Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna.</p>	Skólastjóri/jafnréttisnefnd	Lokið að vori ár hvert

### 12.9 Áætlun um viðbrögð við óveðri

Á heimasíðu skólans – forsiðu er birt áætlun um viðbrögð þegar röskun verður á skólastarfi vegna óveðurs. [www.austurbaejarskoli.is](http://www.austurbaejarskoli.is)

### 12.10 Forvarnaráætlun/vímuvarnir

Forvarnarstefnu Austurbæjarskóla má nálgast á heimasíðu skólans, [smellið hér](#). Hér má enn fremur skoða forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, [smellið hér](#).

### 12.11 Eldvarnar- og rýmingaráætlun

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Umsjónarmaður eða staðgenglar hans bregðast strax við, fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru í öllum kennslustofum. Teikningar af útgönguleiðum eru í kennslustofum og á göngum skólans. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hópi sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og þegar stofan er yfirgefin þarf hann að muna eftir nafnalistanum. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur og loka öllum dyrum á eftir sér.
3. Skólaritari hefur samband við slökkviliðið í síma 112, tilkynnir um eld eða gefur skýringar á brunaboðinu. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunavælum sem gefur til kynna að

hættuástand sé liðið hjá.

4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðin er mjög mikilvægt að nemendur standi í röð hjá sínum kennara sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Kennari kemur síðan upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis.

5. Umsjónarmenn söfnunarsvæða koma upplýsingum um stöðuna til skólastjóra eða umsjónarmanns.

6. Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjóri gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.

### 12.12 Viðbragðsáætlun Almannaavarna

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Austurbæjarskóla í samræmi við áætlun Almannaavarna . Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnanna sem og starfsmanna. Hér má finna [viðbragðsáætlun Almannaavarna](#). Á heimasíðu skólans, er vísað í reglur frá SHS fyrir foreldra og skólayfirvöld um viðbrögð við óveðri.

### 12.13 Umhverfisáætlun

Skólinn setur sér þau markmið í umhverfismálum að endurvinna eins mikið og mögulegt er. Helstu umhverfisverndarþættir í skólastarfinu eru orkusparnaður, endurnýting og flokkun til endurvinnslu, umhverfisvæn innkaup; kennsla um umhverfismál, útikennsla, vettvangsferðir og úrvinnsla þar sem nemendur læra m.a. um að lifa í sátt við náttúruna.

### 12.14 Öryggisáætlun

Í öryggisnefnd eiga sæti auk skólastjóra tveir öryggisverðir sem eru skipaðir af skólastjóra og tveir öryggistrúnaðarmenn sem kosnir eru af starfsmönnum skólans. Þeir vinna saman og fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi sé samkvæmt lögum og reglum og tilmælum Vinnueftirlitsins.

### 12.15 Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er ætlað að undirbúa viðbrögð við áföllum. Góður undirbúningur og skipulag eykur hæfni til að bregðast skynsamlega við þegar alvarlegir atburðir gerast. Áfallaráðið sér til þess að áætlunin sé endurskoðuð reglulega. Í ráðinu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Teymið leitar ráðgjafar m.a. til Hallgrímskirkju og Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

Verði nemandi fyrir áfalli svo sem ástvinamissi eða skyndilegum veikindum, er æskilegt að foreldrar



eða aðstandendur komi þeim upplýsingum til skólans. Best er að greina umsjónarkennara eða skólastjórnendum frá slíku. Upplýsingar sem þessar geta komið í veg fyrir röng viðbrögð starfsmanna.

Áfallaáætluninni er ætlað að veita upplýsingar um hvernig bregðast á við þegar válegir atburðir sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans verða. Áfallaáætlun þessi skal nýtt sem gátlisti þegar skipuleggja þarf áfallahjálp. Athuga ber að taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin og mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búið að takast á við þá erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Starfsfólk skal í viðbrögðum sínum taka tillit til hefðar og reynslu varðandi viðbrögð við áföllum.

#### 12.15.1 Áfallaráð

Í áfallaráði sitja eftirtaldir aðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur. Sálfræðingur á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og sóknarprestur Hallgrímskirkju er áfallaráði innan handar sem sérfræðingur í sorg og sorgarviðbrögðum. Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

##### 12.15.1.1 Hlutverk áfallaráðs

Í meginatriðum er hlutverk áfallaráðs að gera áætlun, svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus áætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð, og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða, þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans, s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.

##### 12.15.1.2 Áföll sem þessi áætlun nær til

Áföll sem þessi áætlun nær til eru:

Alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks).

Áfallaráð skal funda strax að hausti og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð skal ræða þau áföll sem upp hafa komið og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Skrifstofa skólans skal halda sérstaklega utan um slíkar upplýsingar.

##### 12.15.1.3 Viðbrögð við áföllum tengdum nemendum

###### Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemanda

Viðkomandi starfsfólki og nemendum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvöllum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda. Áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi nemendahópa. Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka nemendahópum sem tengjast málinu eftir aðstæðum. Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi nemanda séu mögulegar og hvernig skuli staðið að þeim.

###### Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

Undirbúa samnemendur undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað endurkomuna. Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann.

**Alvarleg slys sem verða í skólanum:**

Verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma skal hafa samband við foreldra og lögreglu sem allra fyrst. Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við. Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur sem tengjast málinu. Starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu. Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um þætti málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með nemendum. Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eða staðgengill hans, eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar sem gefa á.

**Alvarleg slys sem verða utan skólatíma:**

Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við. Starfsfólki og nemendum er tilkynnt um slysið.

**Þegar nemandi kemur aftur í skólann:**

Undirbúa þarf samnemendur undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðvelað endurkomuna. Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann.

**Andlát nemanda:**

Skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið. Áfallaráð kallað saman á fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.

Allar aðgerðir skólans eru bornar undir viðkomandi foreldra til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.

Umsjónarkennara viðkomandi nemanda tilkynnt um andlátíð. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn. Skólastjóri tilkynnir dauðsfallið við fyrsta hentuga tækifæri. Skrifstofustjóri skólans sér um að kalla allt starfsfólkið saman ef nauðsyn krefur. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði tilkynnir andlátíð strax í viðkomandi nemendahópi og umsjónarkennari kemur með í stofuna. Stutt er við nemendur eins og hægt er með aðstoð hjúkunarfræðings, námsráðgjafa og sálfræðings. Umsjónarkennarar með aðstoð fulltrúa úr áfallaráði tilkynna andlátíð öðrum nemendum skólans.

Fáni dreginn í hálfu stöng við skólann þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Æskilegt er að umsjónarkennarar séu með sínum nemendahópi það sem eftir er skóladags.

Nemendum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn. Skólastjórnendur, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur aðstoða ef þörf er á. Einnig er unnt að leita aðstoðar og/eða ráðgjafar hjá skólasálfræðingi og/eða sóknarpresti. Foreldrum nemenda tilkynnt um atburðinn og þeim boðið að sækja börn sín í lok skóladags. Bréf sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og sagt hvernig skólastarfið verði næstu daga. Mikilvægt að ritari skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra. Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

**Næstu dagar hjá samnemendum viðkomandi nemanda:**

Samnemendur undirbúa samúðarkveðju og/eða skrifa minnigargrein. Einnig geta nemendur teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur. Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför með aðstoð sóknarprests ef þörf krefur. Foreldrar nemenda ákveða hver fyrir sig hvort börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina. Nauðsynlegt er að foreldrar fari með börnunum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina ef þeir ákveða að börn þeirra verði viðstödd.

Sóknarprestur getur komið inn í nemendahópa og sagt frá því hvernig útförin fer fram ef þess er óskað. Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna, eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd. Nauðsynlegt er að nemendum sé gefinn kostur á því að tjá tilfinningar sínar eða koma með reynslusögur.

Mikilvægt er að umsjónarkennarar fái þann stuðning og hjálp sem þeir þurfa á að halda.

Skólastjórnnendur, umsjónarkennarar og þeir starfsmenn sem tengst hafa barninu verða við jarðarförina sé það mögulegt. Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju eftir andlát í samráði við aðstandendur.

### **Viðbrögð við áföllum tengdum aðstandendum nemenda**

#### **Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda:**

Skólastjórnnendur eða umsjónarkennarar fá staðfestingu á veikindunum hjá foreldri nemanda.

Upplýsingum komið til þeirra sem málið varða. Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við foreldra hvernig unnið skuli að málinu.

#### **Alvarleg slys aðstandenda nemanda:**

Skólastjórnnendur eða umsjónarkennarar fá staðfestingu á slysinu hjá foreldri nemanda. Upplýsingum komið til þeirra sem málið varðar. Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við foreldra hvernig unnið skuli að málinu.

#### **Andlát aðstandenda nemanda:**

Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn. Áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans. Umsjónarkennurum nemanda tilkynnt um andlátíð.

Allar aðgerðir skólans eru bornar undir foreldra/aðstandanda og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði koma upplýsingunum til samnemenda. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn. Starfsfólki skólans er tilkynnt um atburðinn. Umsjónarkennarar stjórna áframhaldandi vinnu í nemendahópnum. Þeir geta hvenær sem er leitað aðstoðar aðila úr áfallaráði. Nemendur útbúa samúðarkveðju sem send er nemanda og fjölskyldu hans sem fyrst í samráði við foreldra/aðstandanda. Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa nemendur undir það hvernig þeir taka á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.

#### **12.15.1.4 Áföll tengd starfsfólki skólans**

##### **Alvarleg veikindi starfsmanns:**

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum veikindin.

##### **Alvarleg slys á starfsmanni:**

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum um slysið.

##### **Andlát starfsmanns:**

Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans. Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð. Ritari skólans sér um tilkynningu til þeirra sem fjarri eru. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega. Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt

aðila úr áfallaráði umsjónarnemendum um andlátíð. Nemendum skólans er tilkynnt um andlátíð. Að því loknu er fáni dreginn í hálfu stöng við skólann. Áfallaráð ákveður hvernig upplýsingum um andlátíð skuli komið til foreldra nemenda. Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarnemendum stuðning og vinna með þá næstu daga ef þörf krefur. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum hópum sé þess óskað. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

#### **Andlát maka/barns starfsmanns:**

Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð. Starfsfólk skólans er upplýst um andlátíð. Ritari skólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru um andlátíð. Ef mögulegt er skal þess gætt að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega. Ef maki umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði nemendum andlátíð. Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til foreldra nemenda. Aðilar úr áfallaráði veita nemendum stuðning og vinna með þá næstu daga ef þess er óskað. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum hópum ef þörf krefur. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til starfsmanns.

Ítarefni: [Aðstoð við börn eftir áfall.](#)

## 12.16 Nemendavernd

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fjalla um vandamál einstakra nemenda sem ekki hefur tekist að leysa eftir hefðbundnum verkferlum innan skólans. Nemendaverndarráð á einnig að stuðla að jákvæðu námsumhverfi fyrir nemendur og huga að alhliða velferð þeirra.

Fastur fundatími nemendaverndarráðs er alla mánudaga kl. 8:30 – 9:30 á starfstíma skóla. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, verkefnastjórar, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur. Nemendaverndarráð fundar vikulega um málefni hvers stigs fyrir sig. Skólastjóri stýrir fundum eldra stigs og aðstoðarskólastjóri fundum yngra stigs.

### 12.16.1 Verkferill í heimilisofbeldismálum

Fái kennari eða starfsmaður upplýsingar um heimilisofbeldi í garð nemanda gerir hann stjórnendum viðvart. Skólastjóri óskar eftir að skólahjúkrunarfræðingur skoði barnið. Séu áverkar á barninu sem kunna að benda til þess að barnið hafi verið beitt líkamlegu ofbeldi er tafarlaust haft samband við Barnavernd Reykjavíkur sem kemur þá jafnan strax í skólann og talar við barnið. Skólastjóri skrifar tilkynningu til barnaverndaryfirvalda frá skólanum í kjölfarið, fer fram á að málið verði skoðað og barni og fjölskyldu þess veittur sá stuðningur sem á þarf að halda. Málið er tekið upp í nemendaverndarráði. Nemendaverndarráð/skólastjóri vísar málinu til þjónustumiðstöðvar sem bráðamáli. Í kjölfar þess fær nemandinn og fjölskyldan stuðning frá þjónustumiðstöð oft með viðtölum við sálfræðing og/eða félagsráðgjafa. Í sumum tilfellum vísar þjónustumiðstöð máli barnsins til Foreldrahúss.

Greini nemandi frá andlegu ofbeldi, eða heimilisofbeldi (sem ekki er beint gagnvart barni) er nemanda vísað til námsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðings í viðtal. Í kjölfar viðtalsins er tekin

ákvörðun um hvort frásögn nemandans sem þess eðlis að tilkynna þurfi málið til barnaverndar. Ef til þess kemur skrifar skólastjóri tilkynningu til barnaverndaryfirvalda frá skólanum, fer fram á að málið verði skoðað og barni og fjölskyldu þess veittur sá stuðningur sem á þarf að halda. Málið er tekið upp í nemendaverndarráði. Nemendaverndarráð vísar málinu til þjónustumiðstöðvar. Í kjölfar þess fær nemandinn og fjölskyldan stuðning frá þjónustumiðstöð oft með viðtölum við sálfræðing og/eða félagsráðgjafa. Þá er umsjónarkennari upplýstur um stöðu máls.

## 12.17 Skólareglur og skólabragur

### 12.17.1 Skólareglur

Skólareglur Austurbæjarskóla eru byggðar á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 en í 9. grein segir: „Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim“. Samskipti í Austurbæjarskóla grundvallast á gagnkvæmri virðingu, jákvæðni, kurteisi og tillitssemi.

### 12.17.2 Samskipti og háttsemi

Nemendur skulu ávallt koma fram af trúðmennsku og háttvísi í skólanum og þar sem þeir eru á vegum skólans. Nemendum ber að fara að fyrirmælum skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Hegðun sem veldur truflun og kemur í veg fyrir að hver og einn nemandi geti nýtt sér kennslustundir til fulls er óleyfileg. Ofbeldi í hvaða mynd sem er, er stranglega bannað. Nemendur fari úr yfirhöfnum í kennslustund, hengi þær á snaga, í skáp eða á stólbak. Skófatnaði er raðað framan við kennslustofur.

Á skólalóð skulu nemendur sýna aðgæslu og tillitssemi. Nemendur í 1. – 7. bekk eru úti í frímínútum og er þeim óheimilt að fara út af skólalóð. Notkun hjóla, hlaupahjóla, hjólabretta, línu- og/eða hjólaskauta og hjólaskóa er bönnuð á skólalóðinni og í skólanum.

### 12.17.3 Stundvísi og ástundun náms

Nemendur skulu mæta stundvíslega og með viðeigandi námsgögn. Tilkynna þarf veikindi og önnur forföll nemenda á skrifstofu skólans, eða í gegnum [Mentor](#) eins fljótt og verða má. Mikilvægt er að foreldrar tilkynni forföll vegna veikinda daglega. Ef forföll eru ekki tilkynnt samdægurs af forráðamanni nemanda er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Umsjónarkennari getur veitt nemanda leyfi í einn dag en lengri leyfi þarf að sækja um á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á skrifstofu.

### 12.17.4 Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur

Skólinn er heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á að nemendur neyti hollrar og næringarríkrar fæðu. Neysla gosdrykkja, orkudrykkja og sælgætis er óheimil nema við sérstök tilefni. Reykingar, rafrettur og notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna er stranglega bönnuð í skólanum, á skólalóð, í nágrenni skólans og alls staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans.

Notkun síma, myndavéla og hvers kyns snjalltækja er bönnuð í kennslustundum á bókasafni í matsal

og í búningsherbergjum íþróttasalar og sundlaugar. Mynd- og hljóðupptökur eru óheimilar í skólahúsnæði og á skólalóð Austurbæjarskóla nema með leyfi starfsmanna.

#### *12.17.5 Umgengni og eignaspjöll*

Nemendur skulu temja sér góða umgengni innandyra og á skólalóð og bera virðingu fyrir eignum skólans og annarra. Óheimilt er að koma með eldfæri og hvers kyns hluti sem geta valdið skaða s.s. hnífa, skrúfjárn o.s.frv. Valdi nemendur tjóni á eignum skólans eða annarra s.s. á tækjum, húsbúnaði og bókum geta forráðamenn átt von á að þurfa að bæta tjónið.

Skólinn ber hvorki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum nemenda.

Hafi málum nemanda verið vísað til skólastjóra vegna alvarlegra brota á skólareglum er það ákvörðun skólastjórnar í samráði við umsjónarkennara hvort viðkomandi nemandi fær heimild til þátttöku í ferð á vegum skólans. Fari nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólstarfs. Gerist nemandi sekur um brot á skólareglum eða landslögum þar sem hann er á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.

#### *12.17.6 Reglur um tölvu- og farsímanotkun í skóla*

Nemendum er óheimilt að hafa kveikt á GSM-símum, Ipod, Mp3 spilurum eða öðrum búnaði í kennslustundum og á fræðslufundum. Misnotkun varðar afnotamissi um lengri eða skemmri tíma. Skólinn tekur ekki ábyrgð á dýrum tækjum sem hverfa.

#### *12.17.7 Skólasóknarferill*

Nemendur fá einkunn fyrir skólasókn sem gildir fyrir allt skólaárið. Allir nemendur byrja með einkunnina 10. Skólasóknareinkunn er sýnileg í Mentor. Umsjónarkennari sendir foreldrum vikulega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar.

Komi nemandi í kennslustund eftir að kennsla hefst fær hann eitt fjarvistarstig. Fyrir óheimila fjarvist fær nemandi tvö fjarvistarstig.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar

10 stig

Umsjónarkennari ræðir við nemanda en foreldri ef nemandi er á yngsta stigi. Skráð í Mentor að viðtal hafi farið fram og birt foreldri.

15 stig

Umsjónarkennari hringir í foreldri, upplýsir um stöðu skólasóknar og leitar eftir samstarfi við heimilið. Skráir í Mentor að fundur hafi farið fram.

20 stig

Fundur með umsjónarkennara, nemanda, foreldrum og skólastjórnanda eða fulltrúa hans. Skráð í Mentor að fundur hafi farið fram.

30 stig

Fundur með umsjónarkennara, nemanda, foreldrum og skólustjórnanda eða fulltrúa hans og fulltrúa þjónustumiðstöðvar. Skráð í Mentor að fundur hafi farið fram.

50 stig

Skólustjóri fyrir hönd nemendaverndarráðs tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjavíkur. Barnavernd boðar til tilkynningafundar.

#### *12.17.8 Viðurlög við brotum á skólareglum*

Unnið er með óæskilega hegðun nemenda í samvinnu við nemendur og forráðamenn þeirra. Með agabrot verður farið samkvæmt vinnureglum skólans, reglugerð um agabrot og skólareglum og verklagsreglum Reykjavíkurborgar. Málsvik viðkomandi nemanda eru skráð í nemendabókhaldskerfi skólans.

#### **1.stigs agabrot**

Til 1. stigs agabrota telst:

þras/ögrun/rifrildi  
truflar athafnir/leiki/vinnu annarra  
gengur illa um  
pot/hrindingar/árekstrar

Umsjónarkennari/kennari/starfsmaður, sem verður vitni að atburðinum, tekur nemandann til hliðar og ræðir alvarlega við hann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Nemanda er leiðbeint og lögð áhersla á að hann átti sig á ábyrgð sinni, skilji í hverju brot hans fólst og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hvetji nemanda til að bæta sig og hrósi honum fyrir samvinnu.

#### **2.stigs agabrot**

Til 2. stigs agabrota telst:

særandi/niðrandi orðbragð/hæðni  
óhlýðni/neitar að fylgja fyrirmælum  
ósannsögli/svik/svindl  
áreiti/hrekkir/stríðni  
annað (s.s nemandi gengur út úr tíma)

Sá umsjónarkennari eða kennari (kenni hann nemandanum), sem verður vitni að agabrotinu hefur samband við foreldra og óskar eftir samstarfi við að aðstoða og styðja nemandann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Atburðurinn er skráður af kennara sem verður vitni að agabrotinu í dagbók nemandans í Mentor og tilkynnir hann umsjónarkennara um málið.

Verði starfsmenn/kennarar (sem ekki kenna nemandanum) vitni að 2. stigs agabroti koma þeir upplýsingum um það til umsjónarkennara nemandans. Umsjónarkennari tekur við málinu, hefur samband við foreldra og óskar eftir samstarfi við að aðstoða og styðja nemandann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Atburðurinn er skráður af umsjónarkennara í dagbók nemandans í Mentor.

Yfirgefi nemandi kennslustund án leyfis hringir kennari heim til nemandans, gerir grein fyrir brotthvarfinu og óskar eftir samstarfi við heimilið um að veita nemandanum tiltal.

### 3. stigs agabrot

Til 3. stigs agabrota telst:

ofbeldi/slagsmál/ógnandi hegðun

skemmdarverk

þjófnaður

annað (s.s vopn, eldfæri, reykingar og fíkniefni)

Nemandi er tekinn úr aðstæðum. Umsjónarkennari eða skólastjórnanndi hefur strax samband við heimili geranda og óskar eftir að nemandinn verði sóttur eða heimilið taki á móti nemandanum. Einnig hefur skólastjórnanndi samband við heimili þolanda. Ólögleg hegðun er tilkynnt lögreglu.

Atburðurinn er skráður í dagbók nemandans í Mentor. Meginreglan er sú að boðað er til fundar með foreldrum, nemanda, umsjónarkennara og skólastjórnannda áður en nemandinn fær að koma aftur í skólann.

Við úrvinnslu agamála er hægt að kalla til ýmsa aðila t.d. námsráðgjafa, sérkennara, hjúkrunarfræðing o.fl. Einnig er hægt að vísa málum til nemendaverndarráðs og lausnateymis. Ef mál nemanda þróast þannig að kennarar, foreldrar og stjórnendur í Austurbæjarskóla finna ekki leið til úrbóta vegna agabrota hans getur þurft að vísa málinu til Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar- og Hlíða, fræðslufirvalda í Reykjavík og/eða barnaverndaryfirvalda þegar það á við.

#### *12.17.9 Viðurlög við hegðunarfrávikum og alvarlegum brotum*

Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er lausna á máli hans. Hið sama á við ef nemandinn virðir fyrir mæli æðstu stjórnenda skólans, þ.e. skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, að vettugi. Við vinnslu slíkra mála er farið að verklagsreglum Reykjavíkurborgar sem fjalla um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda, skólasóknar- og ástundunarvanda og viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum. „Ef allt um þrýtur og brot nemenda eru mjög alvarleg s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar“ (Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum 1040/2011).

Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva nemandann og koma í veg fyrir að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.

#### *12.17.10 Skólabragur og stefna gegn ofbeldi*

Fyrsta meginmarkmið skólans er að öllum líði vel þar. Við sýnum hvert öðru virðingu, vinsemd og hlýju. Við höfnum einelti, fordómum og ofbeldi, hvort sem er í orðum eða gjörðum. Komi þau mál upp fara þau strax í ákveðinn farveg. Skólinn er þátttakandi í og vinnur samkvæmt Olveusáætluninni gegn einelti. Í henni felst virk samvinna heimilis og skóla í forvörnum og viðbrögðum gegn einelti ef það kemur upp. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að láta kennara strax vita, ef grunur vaknar um einelti. Umsjónarkennari rannsakar málið strax í samvinnu við eineltisteymi. Líðan nemenda er könnuð með reglubundnum hætti



#### *12.17.11 Ferli varðandi stuðning við nemendur sem verða fyrir ofbeldi*

Verði nemandi fyrir ofbeldi skal þolanda tryggt öryggi eftir því sem kostur er og í samvinnu við foreldra skapað öryggisnet sem hindrar að ofbeldið haldi áfram. Það felst í því að starfsfólk og kennarar sem að nemandanum koma fylgjast með samskiptum gerenda og þolanda eins og kostur er. Einnig býðst þolanda að fara í regluleg viðtöl hjá námsráðgjafa. Auk þess eru foreldrar kallaðir til samstarfs um að fylgjast með líðan og láta strax vita ef eitthvað ber út af. Umsjónarkennari skal vera ábyrgur fyrir því að fylgst sé með þolanda með því að kalla reglulega eftir upplýsingum.

#### *12.17.12 Ferli varðandi stuðning við nemendur sem beita ofbeldi*

Beiti nemandi ofbeldi er unnið með málið samkvæmt skólareglum (sjá hér að ofan). Ævinlega er unnið í nánú samstarfi við foreldra. Ef ofbeldið hættir ekki þrátt fyrir viðtöl við stjórnendur, kennara og námsráðgjafa er óskað eftir aðstoð frá þjónustumiðstöð. Gagnist ekki þær bjargir sem þjónustumiðstöð hefur að bjóða skal foreldrum kynnt námsúrræði Brúarsels og Brúarskóla.

#### *12.17.13 Þjónusta við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda*

Nemendaverndarráð vinnur með mál nemenda með fjölþættan vanda bæði með starfsfólki skólans og fagaðilum utan skóla. Sérkennarar í námsverum og nýbúadeild, námsráðgjafi, þroskajálfi, atferlisfræðingur, hjúkrunarfræðingur, eineltisteymi o.fl. sem tilheyra stoðþjónustu skólans koma að málum þar sem við á.

#### *12.17.14 Bekkjarreglur og umsjónarmenn*

Skólareglur eru sýnilegar víða í skólanum og minnt á þær eftir þörfum. Auk þess semja nemendur, í samvinnu við umsjónarkennara, bekkjarreglur fyrir sína stofu. Þar er oft nánar kveðið á um umgengni, meðferð námsgagna, hegðun og samskiptahætti. Nemendur skiptast á að hafa umsjón með stofunni sinni og aðstoða kennarann.

#### *12.17.15 Alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum*

Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er lausna á máli hans. Hið sama á við ef nemandinn virðir fyrir mæli æðstu stjórnenda skólans, þ.e. skólastjóra og aðstoðarskólustjóra, að vettugi. Við vinnslu slíkra mála er farið að verklagsreglum Reykjavíkurborgar sem fjalla um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda, skólasóknar- og ástundunarvanda og viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum. „Ef allt um þrýtur og brot nemenda eru mjög alvarleg s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrir en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar“ (Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum 1040/2011).

Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva nemandann og koma í veg fyrir að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.

## 12.18 Læsisstefna

Læsissteymi Austurbæjarskóla vinnur að gerð nýrrar læsisstefnu í samstarfi við Miðju máls og læsis. Hófst innleiðing nýrrar stefnu á skólaárinu 2017-18. Læsisstefna Austurbæjarskóla 2019-2020, [smellið hér](#).